



Ársskýrsla Giljaskóla
2007 - 2008



Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	1
GILJASKÓLI Í TÖLUM	2
FJÖLDI NEMENDA OG BEKKJARSTÆRÐIR.....	2
STARFSMENN	2
HÚSNÆÐI OG HÚSBÚNAÐUR	5
ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI	6
UPPBYGGINGARSTEFNAN - UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR.....	6
EINSTAKLINGSMÍÐAÐIR KENNSLUHÆTTIR.....	7
LESTUR, LÆSI Á GRUNNI RITUNAR.....	9
ENSKA Í YNGSTU BEKKJUM	10
FRÆDSLUFUNDIR.....	11
LISTGREINAR OG HÓPASTARF Í YNGSTU BEKKJUM.....	11
JAFNINGJARÁÐGJÖF	11
NEMENDAVIÐTÖL.....	11
KYNJASKIPTING Í ÍPRÓTTUM	12
SÍMENNTUN - ENDURMENNTUN.....	12
NÁMSFERÐ TIL MINNEAPOLIS 2007	13
STARFSMANNASÁTTMÁLI.....	14
FORELDRASTARF	15
FORELDRARÁÐ.....	15
FORELDRAFÉLAG	15
FORELDRASAMSTARF - TENGILIÐUR.....	16
STARF BEKKJARFULLTRÚA.....	16
FORELDRARÁÐ.....	16
SAMSTARF VIÐ SKÓLA OG STOFNANIR	17
KYNNINGAFUNDIR SKÓLADEILDAR Á GRUNNSKÓLUM AKUREYRAR	17
SKÓLABYRJUN 1. BEKKJAR.....	17
SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA.....	18
SAMSTARF VIÐ TÓNLISTARSKÓLA.....	18
SAMSTARF VIÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS	19
SAMSTARF VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI	19
ALMENNT UM SKÓLANN	20
SÉRKENNSLA.....	20
MATSALUR.....	20
ÍPRÓTTIR, SUND OG SKÓLAAKSTUR	21
AÐGERÐATEYMI.....	21
<i>Einelti</i>	22
<i>Forvarnir</i>	22
<i>Áfallahjálpi</i>	22
NEMENDAVERNDARRÁÐ	22
NÁMSRÁÐGJÖF.....	23
VALGREINAR.....	23
HEIMASÍÐA, MENTOR OG SKRÁIN	24
SKÓLASAFN.....	24
VIÐBURÐIR.....	26
<i>Útiskóli</i>	26
<i>Vinabekkir</i>	26
<i>Pema</i>	26
DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU OG 1. DES.....	27
LITLU JÓL.....	28
ÍPRÓTTADAGAR OG ÚTIVIST	28

ÁRSHÁTÍÐ OG STUTTMYNDADAGAR.....	29
STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN.....	31
NEMENDAFERÐIR.....	31
<i>Vorferðir</i>	31
<i>Reykjaferð 7. bekkjar</i>	32
<i>Skólaferðalag 10. bekkjar</i>	32
MAT Á SKÓLASTARFI.....	33
NÁMSÁRANGUR OG SAMRÆMD PRÓF.....	33
HELSTU NIÐURSTÖÐUR KANNANA OG VIÐTALA.....	36
FRÍSTUND (SKÓLAVISTUN).....	37
FÉLAGSMÍÐSTÖÐIN DIMMUBORGIR.....	38
HEILSUGÆSLA Í GILJASKÓLA.....	39
ÁRGANGAR.....	40
1. BEKKUR.....	40
2. BEKKUR.....	40
3. BEKKUR.....	41
4. BEKKUR.....	43
5. BEKKUR.....	44
6. BEKKUR.....	44
7. BEKKUR.....	45
8. BEKKUR.....	45
9. BEKKUR.....	46
10. BEKKUR.....	47
SÉRDEILD.....	48
FAGGREINAR.....	50
HEIMILISFRÆÐI 1. - 8. BEKKUR OG VAL.....	50
SMÍÐAR 3. - 8. BEKKUR.....	51
TEXTÍLMENNT 4. - 7. BEKKUR.....	51
MARIMBAKENNSLA.....	52



Inngangur

Ársskýrsla Giljaskóla þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar að miðla þekkingu um skólastarfið og kynna umbætur og þróun í skólastarfinu. Hins vegar að vera hluti af formlegu sjálfsmati skólans og þróunaráætlunum. Í grunnskólalögum, nr. 91/2008, 35 gr., er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum starfs í grunnskólum. Þar segir m.a. að mat og eftirlit skuli „veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.“ Ársskýrslan er þannig liður í þróun og vexti skólastarfsins, tengist markmiðum skólans og áætlunum, þar á meðal sjálfsmats- og þróunaráætlunum.

Okkur er ljóst að þessi fyrsta ársskýrsla Giljaskóla er ekki tæmandi og ýmislegt í framsetningu mætti vera betra. Styrkur væri að meiri tölulegum upplýsingum, t.d. um fjölda mála hjá nemendaverndarráði, í sérkennslu ofl. Þá eru ýmsir kaflar skýrslunnar meira í ætt við áætlanir en mat á því sem fór fram, þótt í flestum tilfellum hafi verið unnið í samræmi við þessar áætlanir.

Að gerð skýrslunnar hafa komið skólastjórnendur og deildarstjórar en umsjónarkennarar skrifuðu kafla um sína árganga. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr skólastarfinu sem vonandi gefa góða innsýn í fjölbreytni viðfangsefna sem nemendur fást við.

Þrátt fyrir takmarkanir þjónar ársskýrslan tilgangi sínum og er það von okkar að með henni sé stuðlað að markvissari upplýsingagjöf og enn betra skólastarfi. Ýmsar frekari upplýsingar um starf Giljaskóla má finna á heimasíðu skólans: www.giljaskoli.is



Giljaskóli í Töllum

Fjöldi nemenda og bekkjarstærðir

Skólaárið 2007-2008 voru lengst af 379 nemendur við Giljaskóla í 20 bekkjardeildum.

	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1. AKA/SPH	9	29	38	Svava Þ. Hjaltalín, Anna Kristín Arnarsdóttir
2. GEH	13	8	21	Guðmundur Elías Hákonarson
2. VD	8	14	22	Valgerður Danielsdóttir
3. EE	12	10	22	Eydís Einarisdóttir
3. TB	8	14	22	Thelma Baldursdóttir
4. MBG	8	12	20	Margrét B Gunnarsdóttir
4. UV	12	11	23	Unnur Valgeirsdóttir
5. BK	10	6	16	Bergdís Kristmundsdóttir
5. IÓP	13	8	21	Ingibjörg Ósk Pétursdóttir
6. KMP	11	8	19	Katrín M. Þorbjörnsdóttir
6. SLR	8	9	17	Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir
7. EEP	9	10	19	Elva Eir Þórólfsdóttir
7. RK	10	9	19	Ragna Kristjánsdóttir
8. BKÓ	7	11	18	Brynjar Karl Óttarsson
8. KJ	7	8	15	Kolbrún Jónsdóttir
9. BÓG	9	5	14	Björn Óli Guðmundsson
9. SA	9	6	15	Sigfús Aðalsteinsson
10. AMS	6	12	18	Anna María Sigurðardóttir
10. DFJ	6	10	16	Daníel Freyr Jónsson
Sérdeild	2	2	4	Hulda Davíðsdóttir
Samtals	177	202	379	

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Agla Egilson	Proskapjálfi	agla@akmennt.is
Alda Björk Sigurðardóttir	Kennari	aldab@akmennt.is
Anna Kristín Arnarsdóttir	Kennari	annakris@akmennt.is
Anna María Sigurðardóttir	Kennari	annamsig@akmennt.is
Anna María Steindórsdóttir	Matráðskona	giljaskolalidar@akmennt.is
Arna Tryggvadóttir	Proskapjálfi	arnat@akmennt.is
Astrid Hafsteinsdóttir	Kennari	astrid@akmennt.is



Ágúst Haraldsson	Kennari	agusthar@internet.is
Ásta Magnúsdóttir	Tónmenntakennari	astamagn@akmennt.is
Bergdís Kristmundsdóttir	Kennari	bergdis@akmennt.is
Birna Soffía Baldursdóttir	Stuðningsfulltrúi	birna79@gmail.com
Björn Óli Guðmundsson	Kennari	bjornoli@akmennt.is
Bryndís Indiana Stefánsd.	Kennari	inda@akmennt.is
Bryndís Kondrup	Myndmenntakennari	kondrup@akmennt.is
Brynhildur Pétursdóttir	Stuðningsfulltrúi	johannp@internet.is
Brynjar Karl Óttarsson	Kennari	brynjar@akmennt.is
Bylgja Árnadóttir	Ritari	bylgja@akmennt.is
Daníel Freyr Jónsson	Kennari	skommin@visir.is
Drífa Þorgrímsdóttir	Hjúkrunarfræðingur	drifath@akmennt.is
Dusanka Kotaras	Matráðskona	dusankak@internet.is
Einvarður Jóhannsson	Kennari	einvardur@akmennt.is
Elva Eir Þórólfsdóttir	Kennari	elvaeir@akmennt.is
Eydís Einarsdóttir	Kennari	eydise@akmennt.is
Eyrún Hermannsdóttir	Skólaliði	eyrunh@akmennt.is
Gígja Bj. Valsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Guðmundur E.Hákonarson	Kennari	gummih@akmennt.is
Guðmundur Skarphéðinsson	Húsvörður	gudskarp@akmennt.is
Guðrún Sigríður Kristinsdóttir	Leikskólasérkennari	gunnask@akmennt.is
Gustavo Manuel Perez Deniz	Kennari	gustavo@akmennt.is
Hrefna Jóhannesdóttir	Leikskólakennari	hrefnaj@akmennt.is
Hulda Davíðsdóttir	Þroskaþjálfari	huldad@akmennt.is
Ingibjörg Ósk Pétursdóttir	Kennari	ingibjorgosk@akmennt.is
Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir	Kennari	ingunnv@akmennt.is
Ingvar Engilbertsson	Smíðakennari	engilb@akmennt.is
Jón Baldvin Hannesson	Skólastjóri	jonbaldvin@akureyri.is
Jóna Dóra Eyfjörð Þórsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Jónborg Sigurðardóttir	Kennari	jonborg@akmennt.is
Katrín M. Þorbjörnsdóttir	Kennari	katrin@akmennt.is
Kolbrún Jónsdóttir	Kennari	kolbrunj@akmennt.is
Kristín Alfreðsdóttir	Leiðbeinandi	stinaa@akmennt.is
Kristín Gunnbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	krigun@akmennt.is
Kristrún Sigurgeirsdóttir	Kennari	krissig@akmennt.is
Laufey Hreiðarsdóttir	Sérkennari	laufeyh@akmennt.is
Lára Gunndís Magnúsdóttir	Kennari	laragunndis@akmennt.is
Lára Halldóra Eiríksdóttir	Kennari	laradora@akmennt.is
Lovísa Sveinsdóttir	Kennari	lov@akmennt.is



Magna Júlíana Oddsdóttir	Kennari	magna@akmennt.is
Margrét B Gunnarsdóttir	Kennari	mbg@akmennt.is
Margrét Harpa Þorsteinsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Margrét Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	maddy@akmennt.is
Margrét Steingrímsdóttir	Leiðbeinandi	maggams@akmennt.is
Matthea Sigurðardóttir	Íþróttakennari	matthea@akmennt.is
Ragna Kristjánsdóttir	Kennari	rak@akmennt.is
Rut Indriðadóttir	Deildarstjóri	rut@akmennt.is
Sigfús Aðalsteinsson	Kennari	sigfus@akmennt.is
Sigrún Brynjólfssdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Sigrún Eydís Jónsdóttir	Skólaliði	sigruneydis@simnet.is
Sigurbjörg Einarsdóttir	Skólaliði	
Sigurlína Sigurgeirsdóttir	Forstöðum. skólavistunar	fristund@akmennt.is
Soffía Valdemarsdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Sólveig S. Ingvadóttir	Kennari	soling@akmennt.is
Steinunn Kristín Bjarnadóttir	Kennari	skb@akmennt.is
Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir	Kennari	finnstei@simnet.is
Svanur Zophoniasson	Tölvuumsjónarmaður	svanurz@akmennt.is
Svava Þ. Hjaltalín	Kennari	svavah@akmennt.is
Sylvía Dögg Tómasdóttir	Skólaliði	giljaskolalidar@akmennt.is
Thelma Baldursdóttir	Kennari	thelmab@akmennt.is
Unnur Valgeirsdóttir	Grunnskólakennari	unnur@akmennt.is
Vala Björk Stefánsdóttir	Deildarstjóri	vala@akmennt.is
Valgerður Danielsdóttir	Kennari	valla@akmennt.is
Þorgerður Fossdal	Skólaliði	
Þorgerður J. Guðlaugsdóttir	Aðstoðarskólalastjóri	thg@akmennt.is
Þórunn Bergsdóttir	Kennari	thbergs@akmennt.is
Þórunn Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	thorsig@akmennt.is



Húsnæði og húsbúnaður

Giljaskóli stendur við Kiðagil og þjónar aðallega íbúðabyggðinni í Giljahverfi. Skólinn hóf starfsemi sína í húsnæði leikskólans Kiðagils en hönnun skólans hófst 1996. Fanney Hauksdóttir er arkitekt skólans og hafði það að markmiði að hanna heildstæða, reisulega en þó fjölbreytta og hlýlega byggingu þar sem form, útlit og notagildi hæfðu því hlutverki sem hún átti að gegna.

Skólinn telst fullbyggður að undanskildu íþróttahúsi. Heildarrými skólans er um 4400 m². Skólinn er byggður upp af kennsluálmum á þremur hæðum, tveggja hæða álmum sem hýsir sérgreinastofur, sal, bókasafn og stjórnunarrými. Salurinn er tengdur innigarði sem eykur nýtingarmöguleika hans og myndar notalegt umhverfi.

Síðasti áfanginn við skólabygginguna, sem meðal annars hýsir íþróttahús og þjálfunarrými fyrir sérdeild, verður tekinn í notkun haustið 2009. Fullskipaður getur skólinn hýst um 450 - 500 nemendur. Rík áhersla er lögð á gott aðgengi fyrir fatlaða um allan skólann og er lyfta í kennsluálmunni.

Íþróttir eru kenndar í íþróttahúsi Síðuskóla (1. - 7. bekkur) og íþróttahúsi Glerárskóla (8. - 10. bekkur). Sundkennsla fer fram í Sundlaug Akureyrar. Sérdeildarnemendur fá kennslu og sundþjálfun tvisvar í viku að Kristnesi. Ferlibíll SVA sér um akstur fyrir sérdeild en Sérleyfisbílar Akureyrar sjá um akstur fyrir aðra nemendur. Kennarar frá Tónlistarskólanum kenna nokkrum nemendum á hljóðfæri í skólanum.



Skóflustunga tekin að íþróttahúsi Giljaskóla



Áherslur í skólastarfi

Sýn Giljaskóla

Metnaður – Víðsýni – Ábyrgð – Virðing – Lífsgleði – Kærleikur

Einkunnarorð: Gerum okkar besta



Sýn Giljaskóla tekur mið af því hvað kemur einstaklingi best að tileinka sér til að ná góðum árangri í lífinu. Metnaður, víðsýni og ábyrgð eru undirstaða góðs námsárangurs en virðing, lífsgleði og kærleikur höfða til félags- og tilfinningaþroska sem er nauðsynlegur fyrir farsæl samskipti í leik og starfi.

Þessi sex lífsgildi eru notuð við ýmis tækifæri og unnið út frá þeim í daglegu starfi. Merki skólans hefur verið útfært á fána, veggspjöld og bréfsefni til að nemendur, starfsmenn og gestir hafa þau fyrir augum. Lífsgildin eiga að sjást í vinnubrögðum og viðmóti

starfsmanna, viðfangsefnum nemenda, vinnubrögðum og hegðun nemenda innan sem utan skólans og samskiptum milli nemenda, kennara og foreldra.

Slagorð skólans: „Gerum okkar besta” endurspeglar þá afstöðu að við viljum læra og breytast, gera mistök að sjálfsögðu, en ætíð með viðmiðið um að gera betur en áður. Ekki að gera betur en aðrir, heldur betur en við höfum sjálf gert hingað til.

Uppbyggingarstefnan - uppeldi til ábyrgðar

Samræður kennara og nemenda sem ekki snúast beinlínis um nám og kennslu beinast í flestum tilvikum að félagslegum og persónulegum þáttum. Sú orðræða skiptir miklu máli fyrir skólabrag og hefur jafnframt áhrif á þroska nemenda og sjálfsmynd. Skilningur á grundvallarþörfum einstaklinga, ábyrgð á eigin tilfinningum og hegðun, framkoma sem dregur úr ótta og ásökunum, leit að lausnum en ekki blóraböggjum, þekking á möguleikum sínum og takmörkunum, allt eru þetta atriði sem ráða úrslitum um velgengni og vellíðan hvers og eins.

Eru einhverjar leiðir betri og skilvirkari en aðrar til að styrkja þessa þætti? Samræður þurfa að stuðla að sívaxandi ábyrgð og skilningi einstaklinga eftir því sem þeir eldast. Við getum unnið markvisst að því að efla sjálfstjórn nemenda þannig að þegar þeir verða sjálfráða ungmenni hafi þeir byggt upp innri kompás sem þeir byggja ákvarðanir sínar og framkomu á og þurfi litla ytri stýringu.

Unnið hefur verið markvisst samkvæmt Uppbyggingarstefnu í Giljaskóla frá haustinu 2006. Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi er hugmyndakerfi þar sem lögð er áhersla á sjálfsskoðun, uppbyggileg samskipti, kennslu sjálfsgaga og sjálfstjórn í samskiptum. Uppbyggingarstefnan miðar að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum, að við stjórnnumst af innri hvötum frekar en ytri, að skoða hvernig við viljum vera, frekar en hvað við erum að gera. Hún skapar aðstæður fyrir einstaklinginn til að geta leiðrétt og bætt fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Nemendum er kennt að taka ábyrgð á eigin orðum og



gerðum. Miðað er að því að finna þörfina bak við það sem við erum að gera. Markmiðið er að lifa við öryggi.

Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hvaða lífsgildi þeir vilja hafa að leiðarljósi í bekknum og einbeita sér síðan að því að finna út hvernig þeir geta haft grundvallaratriði gildanna í heiðri. Nemendur og kennari koma sér saman um hlutverk beggja. Þegar kennari getur fækkað afskiptum af nemendum fá þeir aukið frelsi og verða viljugri til að hlusta og taka eftir þegar mikið liggur við varðandi nám og samskipti. Uppbyggingarstefnan á samhljóm í markmiðum Aðalnámskrár í lífsleikni og er okkar leið til að nálgast sýn Giljaskóla.



Bekkjaráttmáli nemenda í 6. KMP

Stýrihópur Uppbyggingarstefnunnar skólaárið 2007- 2008 skipuðu: Rut Indriðadóttir, Ragna Kristjánsdóttir, Katrín M. Þorbjörnsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Thelma Baldursdóttir, Jón Baldvin Hannesson, Vala Stefánsdóttir og Þorgerður J. Guðlaugsdóttir.

Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir

Skóladeild Akureyrarbæjar hafði frumkvæði að þróunarverkefni í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum (EMK) í fimm grunnskólum bæjarins skólaárið 2007-8. Kennurum í 1., 2. og 3. árgangi við Giljaskóla var boðið að taka þátt í verkefninu. Verkefnið miðaðist að því að gefa viðkomandi kennurum tækifæri til að þróa EMK útfrá eigin hugmyndum, án íhlutunar skóladeildar eða fræðslustjóra. Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri bauð kennurunum ráðgjöf og hélt námskeið fyrir þá á skólaárinu. Undirbúningur að verkefninu og framkvæmd var mismunandi eftir árgöngum í Giljaskóla.

Segja má að einstaklingsmiðun sé viðleitni til að bregðast við einstaklingsbundnum þörfum nemanda eða nemendahóps þar sem tekið er tillit þess að nemendur hafa ólíka námsgetu og eru misjafnlega tilbúnir til að takast á við námið. Sömu námsaðstæður henta ekki öllum nemendum og því eru ekki allir að læra það sama á sama tíma heldur geta verið að fást við ólík viðfangsefni eða nálgast sama viðfangsefnið á ólíkan hátt. Áhersla er á ábyrgð nemenda á eigin námi og að virkja áhuga þeirra. Markmiðið er að hver nemandi nái hámarks þroska og árangri.

Einstaklingsmiðuð kennsla er sveigjanleg og lögd var mikil áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og leiðir. Nemendur unnu að þeim af mörgu tagi, ýmist einstaklingslega, í paravinnu eða hópavinnu. Allir þrjú árgangar sameinuðust í þemavinnu um ævintýri og héldu eigin árshátíð þar sem að þemað var einnig ævintýri.

Starfmenn og nemendur eru ánægðir með starf vetrarins og ákveðið hefur verið að þróa vinnu að einstaklingsmiðun enn frekar á næsta skólaári.

1. árgangur

Í árganginum voru 39 nemendur með tveimur umsjónarkennurum sem sameinuðust um umsjón árgangsins. Stuðningsfulltrúi starfaði með umsjónarkennurum á haustönn en á vorönn bættist þriðji umsjónarkennarinn í hópinn í stað stuðningsfulltrúa sem hætti störfum.



Hópnum var kennt sem einum en mikið var um skiptingar í misstóra námshópa. Einstaklingsmiðun og skapandi starf var haft að leiðarljósi við skipulag kennslu. Mikið var um þematengda kennslu.

Samstarf við foreldra og heimili:

2007: Í maí var haldinn kynningarfundur fyrir alla verðandi nemendur í 1. árgangi og foreldra þeirra. Þá fóru umsjónarkennarar á vordögum í heimsóknir til allra verðandi nemenda á leikskólum bæjarins. Þar ræddu þeir við leikskólakennara um börnin og við börnin sjálf. Einnig unnu kennarar upp úr Hljóm 2 prófum sem lögð eru fyrir börn í leikskóla. Kennarar fóru í heimsóknir til nemenda í ágúst. Foreldrar voru boðaðir í viðtöl í byrjun skólaárs og á námskynningu í byrjun september. Í október buðu kennarar tvisvar upp á síðdegisspjall um lestrarkennslu. Súpufundur fyrir foreldra var í lok október þar sem Ingibjörg Auðunsdóttir frá HA fjallaði um foreldrasamstarf. Í lok október voru einnig foreldraviðtöl (símaviðtöl og tölvuviðtöl voru í boði).



Í kennslustund hjá 1. árgangi

2008: Foreldrar komu í formleg viðtöl í byrjun janúar og aftur var boðið upp á síðdegisspjall um flautukennslu og heimavinnu. Sýnisdagur var í lok maí þar sem nemendur buðu foreldrum að koma í skólann og sjá afrakstur vinnu sinnar.

Fréttabréf fór heim vikulega og afrit af því á Mentor. Foreldrar voru hvattir til að hafa samband þegar á þurfti að halda með tölvupósti eða í gegnum síma. Foreldrar voru virkir og mættu vel á sýningar og uppákomur.

2. árgangur

Nemendum voru 43 með tveimur umsjónarkennurum sem skiptu umsjón á milli sín. Einn stuðningsfulltrúi vann með árganginum og auk þess tveir kennarar með samtals 15 stundir á viku. Nemendum var kennt í tveimur hópum með tveimur mismunandi stundatöflum sem hefti samvinnu árgangsins. Árganginum var getuskipt í þrjá hópa í íslensku og stærðfræði. Nemendur færðust milli hópa eftir getu og gengi. Árganginum var skipt þvert á getu í hópavinnu í samfélags- og náttúrufræði eins mikið og stundatöflur leyfðu. *Hús fyrir alla* (nýtt námsefni eftir Sigurlínu Jónsdóttur) var kennt í getublandaðri hópavinnu í árganginum og reyndist afar vel. Nemendur fengu ferilmöppur sem fylgja þeim út grunnskóla.



Náttfatadagur í Frístund

Samstarf við foreldra og heimili:

Umsjónarkennarar buðu upp á að fyrsta foreldraviðtal í september færi fram á heimili nemenda nokkrir nýttu sér það en aðrir komu í viðtal í skólann. Önnur foreldraviðtöl voru í nóvember, janúar og apríl.



Nemendur kynntu foreldrum vinnu sína að Uppbyggingu í september. Í október var kynning á vinnu nemenda við námsefnið *Hús fyrir alla*. Sameiginleg sýning var fyrir foreldra 2. og 3. árgangs í febrúar þar sem sýndur var afrakstur þemavinnu um *Bláa hnöttinn*.

Fréttabréf fór heim á mánudögum, heimasíða árgangsins var ávallt virk og mikið um tölvupósta milli skóla og heimila.

3. árgangur

Nemendur voru 45 í árganginum, þeim var skipt á þrjá umsjónarkennara. Einn stuðningsfulltrúi starfaði með árganginum. Stundatöflur nemenda og kennara voru eins sem auðveldaði mjög alla samvinnu og samstarf.

Samstarf við foreldra:

Foreldraviðtöl voru í október, janúar og apríl. Kynning fyrir foreldra á einstaklingsmiðun var í september. Í febrúar var sameiginleg sýning fyrir foreldra í 2. og 3. árgangi frá þemavinnu um *Bláa hnöttinn*. Heimasíða árgangsins var ávallt virk og mikið um tölvupósta milli skóla og heimila.

Byrjað var með einn námshóp (opið milli tveggja stofa). Kynjaskipt var í heimilisfræði, smíðum og tónmennt. Hópnum var getuskipt í þrjá hópa í íslensku og stærðfræði. Nemendur færðust milli hópa eftir getu og gengi. Opna rýmið reyndist mörgum börnum erfitt, þau kvörtuðu yfir hávaða, t.d. var ekki hægt að hafa rólega nestistíma með nestissögu. Þá létu foreldrar í ljós miklar áhyggjur yfir líðan barna sinna. Umsjónarkennarar voru uggandi og töldu skipulagið ekki vera til bóta fyrir nemendur því var ákveðið að loka á milli stofanna í lok september og skipta nemendum í tvo hópa. Tveir umsjónarkennarar ásamt sínum umsjónarhópum voru nú í stærri stofunni með 30 nemendum en einn umsjónarkennari var í hinni stofunni með 15 börn. Stuðningsfulltrúinn var með stærri hópnum. Breytingin veitti nemendum öryggi og ró og vinnufriður komst á. Foreldrar og kennarar voru einnig ánægðir með breytinguna.

Áhugasviðsverkefni voru unnin í tvær kennslustundir á viku allan veturinn þar sem nemendur völdu sér viðfangsefni. Formi og kynningu á vinnu sinni réðu nemendur en þau gátu verið í formi veggspjalda, kubba o.s.frv. Nemendur unnu sýnismöppu sem fylgir þeim til skólaloka. Nemendur völdu verkefni í hana með leiðsögn kennara.

Í janúarlök var einn af umsjónarkennurunum kallaður í forföll í 4. bekk út skólaárið. Þar með urðu hóparnir tveir með sinn hvorn umsjónarkennarann í sitt hvoru rýminu. Ekki var þá lengur kennt í þremur hópum í íslensku og stærðfræði heldur var skipt í hópa innan umsjónarhópanna. Hóparnir voru ýmist getuskiptir eða getublandaðir. Það töldu kennarar gefast vel. Þá var tekin upp svokölluð hringekja. Í henni er hægt að hafa mismunandi námsgreinar, þar sem nemendur vinna sjálfstætt, auk innlagnar kennara. Skipt var á milli stöðva þannig að allir fái þjálfun og innlögn. Unnið var að mörgum þemaverkefnum með samþættingu námsgreina.

Lestur, læsi á grunni ritunar

Í Aðalnámskrá grunnskóla er íslenskunámi skipt í lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Allir þessir þættir eiga að styðja hverjir aðra, skarast og tengjast. Á síðustu árum hefur töluvert verið rætt um lestrarkennslu í Giljaskóla, hvaða aðferðir gefist best og hvernig best



sé að blanda þeim saman. Meginniðurstaða umræðunnar er að fjölbreytileiki í kennsluaðferðum og nálgun við lestarkennslu séu lykilatriði.

Haustið 2004 hófust þáverandi kennarar í 1. bekk handa við að þróa nálgun í lestarkennslu á grunni ritunar. Veturinn 2005- 2006 var svo skipað í nefnd til að móta stefnu skólans í lestrarkennslu. Í nefndinni sátu fjórir kennarar af yngsta stigi skólans. Tveir þeirra höfðu innleitt nálgunina við skólann. Ráðgjafi nefndarinnar var Rósa Eggertsdóttir sérfræðingur hjá HA. Nefndin skilaði skýrslu til skólastjóra er hún lauk störfum 2006. Nefnist skýrslan *Og það varð ljós, frá lestrarnefnd Giljaskóla skólaárið 2005- 2006*.

Í skýrslunni setur nefndin fram eftirfarandi drög að stefnu um lestur fyrir Giljaskóla:

“Það er stefna Giljaskóla að nemendur nái góðri lestrarfærni sem nýtist þeim í námi, starfi og tómstundum í nútíð og framtíð. Lestur er kenndur í öllum árgöngum skólans. Við upphaf skólagöngu er tekið mið af því að nemendur hafa mismikla þekkingu á ritmáli. Lestrarkennslan er í senn einstaklingsmiðuð og fjölbreytt. Eftir því sem líður á skólagönguna er aukin áhersla lögð á góða lestrarfærni nemenda og að þeir hafi á valdi sínu margvíslegar lestraraðferðir. Námsmat tekur mið af ofangreindu. Foreldrar eru upplýstir um leiðir, aðferðir og námsmat og fer lestrarkennslan fram í samstarfi við þá.

Nemendur sem eru að hefja skólagöngu eru mislangt á veg komnir í lestri og ritun og í skólanum er reynt að koma til móts við þá staðreynd. Nemendur eiga að fá tækifæri til að takast á við lestur og skrift á eigin forsendum strax frá fyrsta skóladegi. Margir nemendur skrifa leyniletur sem enginn getur lesið úr nema þeir. Smám saman þróast svo stafagerð og skrift í átt að okkar letri”.



Aldís í 7. RK á stóru upplestrarkeppninni

Enska í yngstu bekkjum

Allir árgangar skólans fá enskukennslu. Frá haustinu 2005 hefur verið kennd enska í 1. bekk sem hefur síðan haldið áfram í 2. og 3. bekk. Þessi kennsla er undanfari eiginlegrar enskukennslu sem hefst í 4. bekk (haust 2008) og verður þróuð áfram á næstu árum. Á kynningarfundum í september kynntu umsjónarkennarar foreldrum fyrirkomulag enskukennslu.

Námsefni og kennsla í 1. - 3. bekk.

Enska var kennd í 30 til 40 mínútur á viku. Kennslan byggir mest á leikjum, söngvum og hreyfingum með þeim. Lögð er áhersla á að nemendur læri fyrst söngvana á íslensku til að ná tengingu við orðin í enska textanum. Eins þurfa hreyfingar að endurspegla innihald texta

Kennari útbýr veggspjöld í 1. bekk með orðum til að nota við innlögn. Spjöldin eru síðan hengd upp á vegg þar sem þau nýtast nemendum sjónrænt og til upprifjunar. Spjöldin eru svo áfram uppi á vegg í 2. og 3. bekk og bætt við efni eftir þörfum. Samstæðuspil eru notuð til að læra ný orð og orðmyndir. Kennari styðst við orð á veggspjöldum, bæði sem innlögn á viðfangsefni eða til að fylgja vinnu eftir með leik og/eða söng.



Í 4. bekk hefur verið unnið samkvæmt svipuðu fyrirkomulagi en frá hausti 2008 mun enska í 4. - 10. bekk verða kennd samkvæmt Aðalnámsskrá.

Haustið 2007 gaf Námsgagnastofnun út nýtt námsefni sem 2., 3. og 4. bekkur hafa notað í vetur. Í framtíðinni munu 2. og 3. bekkur nota þetta námsefni. Auk þessa er Námsgagnastofnun að vinna að útgáfu Handbókar í enskukennslu í 1. - 3. bekk.

Fræðslufundir

Að hausti ár hvert hefur skólinn boðið upp á fræðslufundi með foreldrum nemenda í 1., 5. og 8. bekk þar sem megináhersla er á samstarf og samskipti. Ingibjörg Auðunsdóttir hjá HA er jafnan aðalfyrirlesari. Hún hefur jafnframt leitt grunnskólana á Akureyri í stefnumótun um foreldrasamstarf.

Listgreinar og hópastarf í yngstu bekkjum

Í hópastarfi er unnið að ákveðnu viðfangsefni eða þema, nemendur nota fjölbreyttar aðferðir til að nálgast viðfangsefnið. Í hópastarfi læra nemendur samstarf og efla traust og vináttu sín í milli. Skólinn leggur áherslu á listgreinar í yngstu bekkjum með fjölbreyttu hópastarfi.



Brúðgerð 1. bekkinga

Jafningjaráðgjöf

Í Giljaskóla er hluti af vinnutíma kennara nýttur í jafningjaráðgjöf. Jafningjaráðgjöf byggir á gagnkvæmum heimsóknum kennara sem fylgjast með kennslu hver hjá öðrum, gefa góð ráð og hrósa fyrir það sem vel er gert. Miðað er við að hver kennari fari í sex heimsóknir og fái sex heimsóknir á hverju skólaári. Stuðst er við aðferðafræði sem kölluð er tveir plús tveir. Í því felst að sá sem kemur í heimsókn bendir á tvö atriði í kennslu eða vinnubrögðum sem mætti laga og tvö sem eru góð eða til fyrirmyndar hjá þeim sem heimsóttur var. Fljótlega að lokinni heimsókn hittast jafningjarnir og ræða hvað kom út úr heimsókninni. Atriðin fjögur sem voru skráð á sérstakt eyðublað eru rædd en þau eru eign kennarans sem var heimsóttur þannig að þegar upp er staðið ræður hann hvernig hann vinnur úr þeim. Lögð er áhersla á trúnað og stjórnendur kalla ekki eftir öðrum upplýsingum en þeim hvort heimsóknirnar hafi farið fram. Kannað var með viðhorfakönnun hvernig kennurum hefur líkað að fá og fara í heimsóknir og hvort þeir hafa nýtt sér ábendingar sem þeir fengu. Niðurstöður þeirra viðhorfakannana voru jákvæðar og kennarar voru almennt ánægðir með jafningjaráðgjöfina.

Nemendaviðtöl

Kennarar tóku viðtöl við fjóra litla nemendahópa á skólaárinu. Gert var ráð fyrir að hvert viðtal taki um 30 – 40 mínútur og í kjölfarið skilaði kennari punktum til stjórnenda. Eftir því sem við var komið var reynt að forðast að kennari ræddi við nemendur sem hann kenndi sjálfur. Kennari spyr nemendur opinna spurninga til að fá fram skoðanir þeirra eða ábendingar varðandi samskipti og líðan, kennslu, mötuneyti, ferðir í íþróttir og sund, félagsmál eða hvaðeina sem tengist skólastarfinu. Stuðst var við nemendaviðtölin í sjálfsmati skólans og þegar unnið var að úrbótum á tilteknum sviðum.



Kynjaskipting í íþróttum

Fyrir nokkrum árum var byrjað að kynjaskipta í íþróttatímum á unglíngastigi, það er 8. - 10. bekk. Þetta hefur gefist mjög vel og var einnig sömu árgöngum kynjaskipt í sundi.

Það jákvæða við kynjaskiptinguna er að fjarvistir minnka og mætingar eru almennt til fyrirmyndar. Einnig telja kennarar líðan nemenda hafi batnað í þessum greinum, eftir að kynjaskiptingu var komið á. Meiri ró yfir öllu, bæði fyrir og eftir tímana.

Enn sem komið er eru „ferðalög“ nemenda með rútum frá skólanum til íþróttamannvirkjana til trafala, en það mun vonandi lagast mikið með byggingu íþróttamiðstöðvar sem tekin verður í notkun haustið 2009. Eftir það verða einungis ferðir með rútum í sund.



Símenntun - endurmenntun

Símenntunaráætlunum má skipta í tvennt. Annars vegar er áætlun skóla og hins vegar eru áætlanir einstakra starfsmanna. Í símenntunaráætlunum starfsmanna er bæði miðað við þarfir skólans og persónulegar þarfir og áhugamál starfsmanna.

Kennarar sóttu á skólaárinu námskeið, ráðstefnur, fyrirlestra eða fóru í skólaheimsóknir og nýtt hefur verið þekking/sérfræði einstaklinga í starfsmannahópnum að einhverju marki. Þjónusta Skólaþróunarviðs Háskólans á Akureyri hefur verið nýtt í samræmi við samning Akureyrarbæjar og HA. Auk þess hefur verið keypt fræðsla af háskólum, Mentor og ýmsum sérfræðingum. Nokkrir starfsmenn hafa stundað formlegt framhaldnám á háskólastigi.

Allir starfsmenn fóru í námsferð til Minneappolis í nóvember 2007 og fór fjármagn til endurmenntunar á árinu 2007 að langmestu leyti í þá ferð. Ýmislegt fleira var gert sem tengdist Uppbyggingarstefnunni, meðal annars fengnir fyrirlestrar um bekkjarfundi, umhyggju í skólastarfi og samtalstækni.

Allir starfsmenn tóku þátt í jafningjaráðgjöf (sjá sérstakan kafla þar um) og telst það hluti símenntunar. Unnið var þróunarverkefni í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum (EMK) í 1. – 3. bekk og tengdust því starfi margvísleg lengri og styttri námskeið og kynningar. Skólastjórnendur hafa, ásamt öðrum skólastjórnendum á Akureyri, sótt námskeiðsloftur á síðasta skólaári og þessu þar sem sjónum var meðal annars beint að einstaklingsmiðuðum kennsluháttum. Kennarahópurinn í 1. – 3. bekk hefur fengið kynningar, ráðgjöf og námskeið um sitthvað er tengist EMK og hluti af því verið í boði fyrir alla kennara. Þá sóttu kennarar þekkingu á EMK með skólaheimsókn í Hrafnagilsskóla.

Haustið 2007 sóttu kennarar hálf dags námskeið um mannréttindi og lýðræði en áhugi er fyrir því að Giljaskóli leggi sérstaka áherslu á þróun lýðræðislegra starfshátta í framtíðinni.

Á vorönn fóru deildarstjórar, ásamt deildarstjórum í öðrum grunnskólum bæjarins, í kynnisferð í Grunnskólann í Borgarnesi og Grundaskóla á Akranesi.

Uppi eru hugmyndir um að taka til ítarlegrar skoðunar, í nokkurs konar heildarpakka, læsi og lestrarkennslu ásamt tjáningu, ritun, námsmati og námstækni. Endurmenntunaráherslur myndu þá að



mestu snúast um þessi viðfangsefni á næstu misserum ásamt því að viðhalda ýmsu sem þegar er hafin vinna við.

Námsferð til Minneapolis 2007

Dagana 3. - 11. nóvember 2007 fór 51 starfsmaður úr Giljaskóla í námsferð til Minneapolis í Bandaríkjunum. Tilgangur ferðarinnar var að fara á framhaldsnámskeið í Uppbyggingarstefnunni og að hver og einn gæti aukið við þekkingu sína á því sviði. Farið var í heimsóknir í skóla á svæðinu til að sjá hvernig þar gengi að vinna samkvæmt stefnunni.

Undirbúningur ferðarinnar tók um það bil eitt ár. Meðal annars var sótt um leyfi til skólanefndar og borið var undir foreldraráð og foreldra Giljaskóla að fella niður skólustarf í heila viku en sá tími samanstóð af skipulagsdögum kennara og vetrarfríi nemenda.

Ferðanefnd á vegum skólans, undir stjórn Þorgerðar, aðstoðarskólustjóra, og Þórunnar Bergsdóttur, námsráðgjafa, var í sambandi við frumkvöðla Uppbyggingarstefnunnar, Judy Anderson og Diane Gossen varðandi undirbúninginn. Judy skipulagði námskeiðin og skólaheimsóknirnar.

Með okkur í ferðina fóru einnig starfsmenn úr Heiðarskóla í Keflavík, Lágafellsskóla í Mosfellsbæ, Grundaskóla á Akranesi, Borgarnesskóla og Garðaskóla í Garðabæ.

Ákveðið hafði verið að allt endurmenntunarfé skólans færi í þessa ferð auk þess sem ferðastyrkir fengust frá stéttarfélögum starfsmanna.

Uppbyggingarnámskeiðin voru haldin á hótelinu sem við dvöldum á. Hópnunum var skipt á sitt hvort námskeiðið. Annað námskeiðið var aðallega byggt á sjálfstjórnarkenningu William Glasser sem felst í því að hjálpa nemendum að bera ábyrgð á eigin hegðun og líðan. Þessi kenning er grundvöllur Uppeldis til ábyrgðar eins og stefnan er kölluð. Þar var lögð áhersla á að hegðun byggist á tilgangi og mismunandi þarfir liggi að baki hegðunar allra.

Hitt námskeiðið var upprifjun á ýmsu sem áður hafði verið farið í á fyrirlestrum um Uppbyggingarstefnuna. Þar var okkur kennt að byggja upp einstaklinginn aftur eftir að hann hefur misst stjórn á hegðun sinni og gert mistök og hjálpa honum til að skilja hvað að baki liggur. Rifjuð voru upp hin ýmsu verkfæri sem notuð eru í vinnu með nemendum.

Þær Judy og Diane eru mjög áhrifaríkir fyrirlesarar og skemmtu menn sér einnig hið besta við að reyna sig í hinum ýmsu aðstæðum sem þeir voru settir í.

Þriðji dagurinn fór í að heimsækja nokkra skóla, bæði barna- og unglingaskóla. Skólarnir voru mjög misjafnir að stærð og gerð, stærðirnar voru 500 - 1400 nemendur. Skólarnir voru ýmist alfarið með hvítum nemendum eða mjög blandaðir þannig að þar mátti finna alla kynþætti. Ýmsir nemendur áttu við vandamál að etja sem við þekkjum lítið til ennþá, svo sem vímuefnavandamál. Nokkrir nemendur komu frá fjölskyldum sem höfðu misst foreldra og ættingja í Íraksstríðinu og talsvert var um innflytjendur sem ekki kunnu stakt orð í ensku. Dæmi voru um að á hverjum degi kæmu nýir nemendur sem ekki kunnu orð í ensku í skólann. Þarna var líka mikill munur á





ríkum og fátækum. Stafsfólk skólanna var auk þess sem við þekkjum vímuefnaráðgjafar, félagsþjónustufólk og öryggisverðir.

Athygli okkar vakti rólegt yfirbragð skólanna og hve góður agi ríkti þar. Nemendum virtist líða vel og flestir þeirra virtust metnaðarfullir og áhugasamir. Í yngribarna skólunum var mjög fjölþjóðlegt umhverfi. Þar voru litríkar og vel útbúnar kennslustofur og mikið af myndverkum á veggjum sem sýndi okkur hvernig unnið er með Uppbyggingarstefnuna.

Í unglingaskólunum var minna um skreytingar en þó voru þó sumar kennslustofurnar mjög persónulegar, með marga muni frá kennurum sjálfum.

Mikið var um að nemendum væri kennt í litlum hópum og í skólunum voru margar litlar kennslustofur þar sem börnum með sérþarfir var kennt. Skólarnir virtust vel útbúnir, til dæmis samkomu- og íþróttaaðstaða, stórir matsalir voru í hverjum skóla en einhverjir hefðu gert athugasemdir við hollustu matarins sem þar var á boðstólum. Sums staðar var matsalur einnig notaður til íþróttakennslu.

Mikið er um samræmd próf í öllum árgöngum og eru skólarnir metnir út frá árangri á þeim.

Þegar námskeiðum og skólaheimsóknum var lokið var gert ýmislegt til skemmtunar og fræðslu. Farið var í kynnisferð um borgirnar Minneapolis og St. Paul sem kallaðar eru tvíburaborgirnar. Flestir fóru í leikhús og söngleiki á kvöldin, meðal annars var farið á Lion King, La Boheme og Rocky Horror Show. Þá létu margir glepjast smávegis af hinu gríðarstóra Mall of Amerika og fleiri verslunarkjörnum, enda dollarinn þá afar hagstæður ☺.

Ferðin var í alla staði upplýsandi og gefandi og gaf okkur auknar hugmyndir um það hvernig við getum unnið áfram með Uppbyggingarstefnuna í Giljaskóla.

Starfsmannasáttmáli

Starfsmannasáttmála er ætlað að vera áminning til allra um eigið mikilvægi við að styrkja starfsmannahópinn. Sáttmálinn felst í þremur lífsgildum: *Hreinskiptni, samstaða, jákvæðni*. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkur hennar og styrkleiki skólans er undir því kominn að hver og einn geri sitt besta í að byggja upp hópinn með því að vera hvetjandi og bjartsýnn.

Til allra starfsmanna eru gerðar þær kröfur að þeir skilji og styðji sýn Giljaskóla og leggi sig fram um að verða virkur hluti af öflugri liðsheild sem veit hvað skiptir máli.



Foreldrastarf

Foreldraráð

Nafn	Barn / börn	Netfang:	Sími
Álfheiður Svana Kristjánsd.	Elísabet 4.UV og Fríða Kristín 1.AKA/SÞH	alfheidursvana@hotmail.com	Hs.462 7748 Vs. 663 7748
Eyrún Björg Þorfinnsdóttir	Sandra Björk 5.IÓP	eyrunbjorg@hotmail.com	Hs. 462 4496 Gsm. 896 6496
Þórunn Guðlaugsdóttir	Stefanía Elsa 6.SLR og Guðlaugur Ari 8.BKÓ	thorunn@isl.is	Hs. 461 4499 Gsm 846 4363
Jón Baldvin Hannesson	skólastjóri	jonbaldvin@akureyri.is	Hs. 461 1699 Vs. 462 4820 Gsm. 661 1016

Foreldrafélag

Nafn	Heimili	Sími	Netfang
Sigurður Tryggvason, formaður	Skútagil 1	462 6297 894 4725	siggi@frost.is
Ólafur Jónsson, varaformaður	Fossagil 6	461 3909 897 7889	oli@kot.is
Gísli Sverrisson, meðstjórnandi	Huldugil 5	461 4903 862 4032	gislisverris@gmail.com
Tryggvi Haraldsson, gjaldkeri	Vesturgil 16	461 4343 894 4361	tryggvi@sandblastur.is
Eyrún Þorfinnsdóttir, ritari	Víkurgil 7	462 4496 896 6496	eyrunbjorg@hotmail.com
Lilja Gísladóttir, fjölmiðla- og tengslafulltrúi	Fannagil 29	462 2477 893 3830	liljag@postur.is
Óðinn Valsson, stjórnarmaður	Skútagil 5	462 2511 864 0665	odinn@ekran.is



Foreldrasamstarf - tengiliður

Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir var tengiliður við stjórn foreldrafélags Giljaskóla. Hún sat fundi stjórnar og kom upplýsingum frá skóla til foreldrafélags og öfugt. Helstu verkefni foreldrafélagsins eru að efla foreldrasamstarfið í skólanum og virkja bekkjarfulltrúana. Vegleg hausthátíð var haldin í september og var vel sótt. Foreldrafélagið á sinn fulltrúa í Samtaka (svæðisráði foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar; <http://samtaka.org>) og er einnig í góðu samstarfi við Heimili og skóla. Þegar tilvonandi 1. bekkingar komu í skólann vorið 2008 bauð foreldrafélagið þá velkomna með því að færa þeim bol að gjöf.



Á hausthátíð foreldrafélagsins

Starf bekkjarfulltrúa

Bekkarfulltrúar eru kosnir af foreldrum eða tilnefndir í samráði við fyrri bekkjarfulltrúa, þetta er gert í byrjun skólaárs. Yfirleitt eru bekkjarfulltrúar tveir fyrir hvern bekk og reynt er að skipta einungis um annan bekkjarfulltrúann í hvert sinn þannig að þeir sitji tvö ár í senn.

Bekkarfulltrúar skipuleggja 1-2 ferðir með börnunum á ári auk annars sem þeim finnst nýtast til að auka samstarf foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkarfulltrúar hafa frumkvæði að því að virkja sem flesta foreldra í bekkjarstarfinu. Þeir sjá um að safnað sé í bekkjarmöppu gögnum um foreldrastarf hvers vetrar, svo sem fundargerðum, myndum og öðru sem gaman er að eiga til seinni tíma og fyrir nýja bekkjarfulltrúa til glöggvunar á starfi bekkjarins og skemmtunum.

Foreldraráð

Foreldraráð starfar í samræmi við grunnskólalög. Hlutverk þess er að fjalla um atriði sem varða innra starf skólans fylgjast með skólanámskrá og öðrum áætlunum skólans, að þeim sé framfylgt og þær kynntar foreldrum. Foreldraráð fundar með skólastjórnendum nokkrum sinnum yfir veturinn. Fulltrúar foreldraráðs taka þátt í ýmiss konar stefnumótandi vinnu sem er á döfinni hverju sinni. Ráðið skilar umsögn um skólastarfið og skólanámskrá til skóla og skólanefndar. Foreldraráð er með pósthólf á skrifstofu skólans og geta foreldrar komið erindum til ráðsins þangað.



Samstarf við skóla og stofnanir

Kynningafundir skóladeildar á grunnskólum Akureyrar

Skóladeild Akureyrarbæjar hefur í samstarfi við grunnskóla bæjarins boðið foreldrum barna sem eru að hefja grunnskólagöngu til kynningarfunda um starfsemi skólanna. Frá árinu 2007 hafa foreldrar haft val um hvaða skóla börn þeirra sækja og því talið mikilvægt að þeir kynni sér stefnu og starfsemi skólanna vel áður en þeir innrita börn sín.

Í febrúar hefur verið haldinn sameiginlegur kynningarfundur þar sem allir skólarnir kynna sitt starf og í kjölfarið hefur foreldrum verið boðið til kynningarfunda í hverjum skóla þar sem ítarlegri kynning og umræða hefur farið fram. Seinni fundunum er dreift þannig að foreldrar geta sótt slíka fundi í fleiri en einum skóla ef þeir kjósa.

Fremur fáir foreldrar hafa sótt alla þessa fundi en þeir sem hafa komið hafa almennt verið ánægðir. Að auki hafa fundirnir gefið stjórnendum og skólaneftndarfólki ágætis yfirsýn yfir starfsemina í hverjum skóla fyrir sig.

Skólabyrjun 1. bekkjar

Verðandi nemendum 1. bekkjar og foreldrum þeirra var boðið í heimsókn í skólann eftir miðjan maí. Þar var foreldrum kynnt skólastarfið. Stjórnendur, verðandi umsjónarkennarar, forstöðumaður Frístundar og hjúkrunarfræðingur skólans ræddu við foreldra. Foreldrar fengu bækling frá skólanum með ýmsum gagnlegum upplýsingum er varða skólann og starfið þar.

Á meðan foreldrar funduðu fylgdu nemendur í fjórða bekk nýnemum um skólann og kynntu þeim aðstæður. Heimsókninni lauk með samverustund í Frístund þar sem nýnemarnir unnu verkefni með aðstoð fjórðu bekkinga.

Umsjónarkennarar fyrsta bekkjar heimsóttu alla nemendur sína áður en þeir hófu skólagöngu að hausti. Foreldrar og



Foreldrar 1. bekkinga í heimsókn

nemendur voru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara og hjúkrunarfræðings á skólasetningardegi og daginn eftir. Fyrstu tveir skóladagarnir (skóladagar 3 og 4 á skóladagatali) voru frá 9.00 til 12.00, foreldrar mátu sjálfir hversu lengi þeir fylgdu barni sínu þessa fyrstu daga.

Ef um er að ræða nemanda með skilgreinda fötlun er bekkjarfélögum gerð grein fyrir fötluninni í samráði við foreldra barnsins.

Fyrsti fræðslufundur hjá foreldrum barna í fyrsta bekk var í október. Ingibjörg Auðunsdóttir, hjá HA, fjallaði þar um samvinnu heimila og skóla og umsjónarkennara kynntu m.a. fyrirkomulag við lestrarnám. Að því loknu funduðu foreldrar með umsjónarkennurum og bauð skólinn uppá súpu og brauð.



Samstarf við leikskóla

Það er stór áfangi í lífi barns og foreldra þegar skólaganga hefst. Þó barn hafi verið á leikskóla og fengið þar undirbúning fyrir grunnskóla er margt ólíkt með þessum tveimur stofnunum. Grunnskólinn er stór og fara þarf eftir mörgum og oft flóknum reglum. Fleiri nemendur eru á hvern kennara en í leikskóla. Því er ætlast til að nemendur sýni meira sjálfstæði en krafist er í leikskóla. Margt nýtt þarf því að læra.

Til þess að auðvelda börnum að brúa bilið milli leik- og grunnskóla er Giljaskóli í formlegu samstarfi við leikskólana Kiðagil og Tröllaborgir. Elstu nemendur leikskóla og yngstu nemendur grunnskólans hittast með jöfnu millibili yfir veturinn. Þeir skiptast á heimsóknnum, vinna sameiginleg þemaverkefni, fara saman í vettvangsferð og halda að lokum sameiginlega sýningu. Leikskólanemar kynnast skólanum og því starfi sem þar fer fram. Þeir taka þátt í kennslustundum, nestistímum, frímínútum og árshátíð og fá því dálitla innsýn í hvað bíður þeirra í grunnskólanum.

Á hverju vori funda aðilar leik- og grunnskóla þar sem verðandi grunnskólanemendum er fylgt úr hlaði. Leikskólakennarar segja stuttlega frá þeim nemendum sem væntanlegir eru í skólann og farið er yfir stöðu þeirra. Þessar upplýsingar hafa reynst okkur í skólanum ómetanlegar. Kennarar meta niðurstöður Hljóm-prófs sem tekið er í leikskóla. Þannig byggja þeir ofaná þann grunn sem kominn er í lestri hjá hverju barni. Nemendum leikskóla fylgir stutt skýrsla yfir stöðu þeirra og góð ráð til handa verðandi umsjónarkennara. Foreldrar ráða því hvort þessar upplýsingar berast milli skólastiga.

Ef um er að ræða nemanda með skilgreinda fötlun er fundað að vori með starfsmönnum skólateymis og foreldrum viðkomandi nemanda til undirbúnings skólagöngu.

Samstarf við Tónlistarskóla

Samstarf við Tónlistarskóla Akureyrar var talsvert yfir skólaárið. Fyrst ber að geta heimsókna tónlistarskólakennara sem kynntu hljóðfæri sín fyrir nemendum skólans. Nemendur 1. og 2. bekkjar lærðu m.a. á blokkflautu sem er samræmt milli allra grunnskóla Akureyrar. Tónlistarskólinn heldur utan um þessa tónlistarkennslu. Nemendur 2. bekkjar í Glerárhverfi héldu sameiginlega lokatónleika í Glerárkirkju í vor.

Í Giljaskóla voru að venju Páskatónleikar föstudag fyrir páskafrí. Þar gafst tónlistarskólanemendum tækifæri til þess að kynna og spila á hljóðfæri sitt fyrir alla nemendur skólans. Einnig komu fram blokkflautunemendur skólans.

Í Giljaskóla var byrjað að kenna á marimbahljóðfæri haustið 2007 við góðar undirtektir nemenda.

Tónmenntakennari Giljaskóla hélt í samstarfi við Tónlistarskólann og Oddeyrarskólann sameiginlegt Marimbanámskeið. Það gekk býsna vel og er stefnt að því að halda slík námskeið reglulega.

Kennarar Tónlistarskólans hafa aðstöðu í Giljaskóla til þess að kenna nemendum sínum á hefðbundnum skólatíma til þess að tengja tónlistarnám og skólastarf. Þannig er komið til móts við foreldra sem þurfa þá ekki að aka börnum sínum til að stunda hljóðfæranám.



Blokkflautuleikarar í Giljaskóla



Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Akureyrarbær styrkir starf Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Eitt af verkefnum hljómsveitarinnar er að halda tónleika í Grunnskólum Akureyrar. Þessir tónleikar eru samstarfsverkefni skólanna og Sinfóníuhljómsveitarinnar þannig að nokkrum vikum fyrir tónleikana er skólunum sendar upplýsingar um hvaða verk verður flutt og nemendum gefst tími til að kynna sér það áður en að tónleikunum kemur. Einnig eru möguleikar á að vinna með verkið áfram í skólastarfinu. Oftast hafa sögumenn verið stór hluti af flutningnum. Í fyrrahaust kom málmblásarakvintett og lék lög af ýmsu tagi. Að venju tókust tónleikarnir afar vel og voru áheyrendum og flytjendum til mikillar ánægju.



Tónleikar í Giljaskóla

Samstarf við Háskólann á Akureyri

Giljaskóli er í samstarfi við Háskólann á Akureyri vegna vettvangsnáms kennaranema og nema á öðrum sviðum háskólans. Samstarf er við skólaþróunarsvið HA í tengslum við ráðgjafarþjónustu og endurmenntun kennara. Kennaranemar á þriðja ári voru í vettvangsnámi og æfingakennslu alla haustönnina. Hingað komu einnig nemar í styttri heimsóknir. Birna María Svanbjörnsdóttir frá skólaþróunarsviði H.A. veitti ráðgjöf vegna einstaklingsmiðaðra kennsluhátta í 1.-3. bekk.

Meðal fyrirlesara frá HA í vetur voru Guðmundur Engilbertsson sem fjallaði um námsmat, Kristín Aðalsteinsdóttir um samtalstækni og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson sem ræddi um umhyggju í skólastarfi.

Jón Baldvin skólastjóri Giljaskóla hélt erindi um samskipti og tjáningu í skólastofunni á ráðstefnu Háskólans „Hjá öllum vakir þráin að birta öðrum hug sinn“. Erindi Jóns hét „Samræður til sjálfsstjórnar“. Ýmsir áhugaverðir fyrirlestrar voru fluttir á vegum Háskólans sem starfsfólk sótti í mismiklum mæli.



Almennt um skólann

Sérkennsla

Leitast er við að sérkennsla sé eðlilegur þáttur í skólastarfinu og fyrst og fremst er reynt að mæta sértækum námsþörfum nemenda í bekkjarstarfinu. Sértækur vandi getur falist í hegðunarvanda, lestrar- og stærðfræðierfiðleikum, einhverfu, ofvirkni og/eða athyglisbresti og þroskaskerðingu. Oft er þörf á einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópi um lengri eða skemmri tíma utan bekkjar. Kennsla sem byggist á einstaklingsnámskrá að öllu eða einhverju leyti er eins og önnur kennsla metin jafnt og þétt og mikið lagt upp úr samstarfi við stuðningsaðila. Þetta skólaár voru fjórir nemendur með einstaklingsnámskrá og alls nutu 90 nemendur sérkennslu á einn eða annan hátt og langflestir á yngsta- og miðstigi. Níu kennarar sinntu sérkennslu, þar af fjórir í fullri stöðu. Stuðningsfulltrúar voru fjórir. Frá upphafi skólagöngu fylgist umsjónarkennari með námsframvindu og sérkennarar leggja fyrir ákveðin greiningarpróf bæði hóp- og einstaklingspróf ef ástæða þykir til að geta brugðist við frávikum.

Sérkennari metur þá stöðu viðkomandi, túlkar niðurstöður og veitir ráðgjöf til umsjónarkennara og foreldra sem vinna í sameiningu að framkvæmd áætlunar. Góð samvinna er á milli kennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa, foreldra og nemandans sjálfs en það er forsenda árangurs. Til fjölskyldudeildar hafa verið sendar 14 tilvísanir og fjórar til barnaverndarteymis. Hér í skólanum hafa verið gerðar 27 greiningar, 19 vegna lestrar- og stærðfræðiörðugleika en átta þroskagreiningar. Ef foreldrar og/eða umsjónarkennarar eru ekki sammála um þjónustu við börnin snúa þeir sér beint til fagstjóra sérkennslu eða skólastjórnenda og ef málið er þess eðlis fer það fyrir nemendaverndarráð.

Gott samstarf er á milli foreldra og þeirra er koma að barni með sérþarfir og eru viðkomandi aðilar iðulega í sambandi í gegnum tölvupóst, síma og með skrifum í samskiptabók. Í upphafi skólaárs fær skólinn upplýsingar frá foreldrum, leikskólum og skóladeild um ýmsa þætti er varða nemandann. Ef foreldrar óska eftir sérkennslu fyrir barn sitt leita þeir til umsjónarkennara sem kemur upplýsingum til sérkennara sem síðan metur stöðuna. Á þeim grundvelli er kennslan síðan skipulögð og skoðað hvort sækja þurfi um frekari aðstoð og/eða ráðgjöf til Fjölskyldudeildar. Það er gert á sérstökum tilvísunarblöðum og með samþykki foreldra.

Matsalur

Í Giljaskóla hefur verið rekið mötuneyti fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans síðan haustið 2002. Matur er borinn fram í fjölnýtisal skólans og er nemendum skipt í hópa þar sem salurinn rúmar ekki alla nemendur í einu. Í mötuneyti störfuðu tveir matráðar í fullu starfi en auk þess voru almennir starfsmenn ávallt til aðstoðar við máltíðir.

Panta þarf að lágmarki 10 máltíðir í mánuði. Undantekning er gerð í þeim mánuðum sem hafa fáa skóladaga, þá er viðmið um fjölda



Matsalur Giljaskóla



máltíða lækkað. Verð á máltíðum skólaárið 2007- 2008 var eftirfarandi: Stakar máltíðir 370 kr. máltíðin (10 eða fleiri í mánuðinum). Annarkort 274 kr. máltíðin (allar máltíðir á önninni).

Hægt var að kaupa mjólkuráskrift í skólanum í byrjun hvorrar annar. Í boði er Dreitill sem geymdur er í sérstökum mjólkurkæli með skammtara fyrir glös þannig að mjólkinn helst ávallt köld og fersk. Mjólkuráskrift kostaði í vetur 1.800 krónur fyrir önnina. Þá var tekin upp sú nýbreytni í haust að nemendur og starfsmenn gátu verið í ávaxtaáskrift og valið um hálfan eða heilan ávöxt að morgni. Verð á hálfum ávexti var 1.600 krónur og heilum 3.200 krónur fyrir önnina.

Nemendur eru skráðir í gegnum vefkerfi sem kallast Matartorg, þeir fá notendanafn og lykilorð og sjá síðan sjálfir og/eða foreldrar þeirra um að færa inn pantanir sínar. Þegar pantað er kemur fram matseðill mánaðarins. Venjulega er opnað fyrir skráningu á Matartorg 5. til 6. dag mánaðar á undan og lokað 20. dag mánaðar á undan. Ef foreldrar hafa ekki aðgang að tölvu geta þeir haft samband við ritara skólans sem aðstoðar þá. Hjá ritara má ennfremur nálgast matseðil mánaðarins.

Nemendaráð setti í vor viðmið fyrir umgengni á sal út frá hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar. Þeir settu fram hlutverk starfsfólks á sal annars vegar og hlutverk nemenda hins vegar. Allir nemendur skólans fengu ítarlega kynningu frá nemendaráði á þessum viðmiðum sem einnig hanga uppi á sal. Alvarleg og/eða endurtekin brot á settum viðmiðum geta varðað brottrekstri úr matsalnum og nemendur geta misst rétt sinn til að vera í mótuneytinu til lengri eða skemmri tíma.

Íþróttir, sund og skólaakstur

Íþróttakennsla fór fram í Íþróttamiðstöð Síðuskóla fyrir 1.- 7. bekk og í Íþróttamiðstöð Glerárskóla fyrir 8. - 10. bekk. Skólaárið 2008 - 2009 verður sami háttur hafður á, vonandi í síðasta sinn því ný íþróttamiðstöð á að verða tilbúin haustið 2009.

Sundkennsla fór fram í Sundlaug Akureyrar fyrir alla árganga og í fyrsta skipti var sundkennsla allan veturinn í 1. bekk í stað námskeiða vor og haust.

Sérleyfisbílar Akureyrar sáu um akstur nemenda í íþróttir og sund. Nemendur í 1. - 4. bekk fá akstur í íþróttir og öllum nemendum er ekið í sund. Skólaliðar fylgja nemendum í 1. - 3. bekk og nokkrum nemendum með sérparfir. Allir bílar í skólaakstri eru með öryggisbelti. Sérleyfisbílar Akureyrar sjá jafnframt um akstur í vettvangsferðir. Tengiliður skólans við fyrirtækið var skólaritari og sá hann um að tilkynna með góðum fyrirvara allar breytingar á venjubundnum akstri og auk þess að panta bíla í vettvangsferðir.



1. bekkur í íþróttum

Aðgerðateymi

Við skólann starfar Aðgerðateymi sem fjallar m.a. um eineltismál, áföll og annað sem ekki er tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundum. Farið er með eineltismál og áföll eftir vinnuferlum sem skólinn hefur sett sér. Skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur, og námsráðgjafi sitja í teyminu. Í málum sem



snerta tilteknað bekkjardeildir störfuðu hlutaðeigandi umsjónarkennarar með teyminu. Allir starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi með teyminu vakni grunur um alvarleg mál sem grípa þarf inn í.

Einelti

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einhverjum sem ekki kemur vörnum við. Einelti felur í sér misbeitingu á valdi þar sem gerandinn beitir hótunum og vill ráða yfir þólandanum. Einelti birtist í mörgum myndum, það getur verið: Líkamlegt: meiðingar, hrindingar, klór, spörk; Í orði : uppnefni, niðrandi athugasemdir, hótanir og endurtekin stríðni: Efnislegt: eigum stolið, þær faldar eða eyðilagðar; Félagslegt: viðkomandi skilinn útundan eða hundsaður; Andlegt: viðkomandi þvingaður til að gera eitthvað sem stríðir algerlega gegn réttlætiskennd hans og sjálfsvirðingu, svipbrigði og augnaráð.

Aðgerðateymi vann að nokkrum eineltismálum skólaárið 2007 – 8 og gekk sú vinna vel. Lögð var fyrir eineltiskönnun, Olweusarkönnun, fyrir nemendur í 4. – 10. bekk og sýndu niðurstöður að einelti væri einna helst fyrir hendi á miðstigi, þó ekki væri það í miklum mæli.

Forvarnir

Í Giljaskóla er unnið markvisst samkvæmt Uppbyggingarstefnunni (Restitution). Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á að börn temji sér sjálfsgæta, sjálfstjórn og uppbyggileg samskipti. Nemendur eru þjálfaðir í því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum og ákveða hvernig einstaklingar þeir vilja vera. Þeir læra að setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og bera virðingu fyrir öðrum. Þá er þeim veitt tækifæri til að bæta fyrir brot sín og snúa aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Sjálföruggt barn er síður líklegt til að vera lagt í einelti og er betur í stakk búið til að takast á við stríðni og einelti. Lykill að farsælli lausn á vinnu með eineltismál er samvinna við foreldra og forráðamenn. Einelti er ekki liðið í skólanum.

Áfallahjálp

Aðgerðateymi er jafnframt áfallateymi skólans. Með teyminu störfuðu í einstökum málum sálfræðingur skólans, hlutaðeigandi umsjónarkennari og deildarstjóri. Áfallateymi getur leitað aðstoðar hjá presti, lögreglu, skólalækni, djákna eða geðlækni.

Skilgreining á áföllum í skóla: Nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemanda geta orðið fyrir alvarlegu áfalli. Slík áföll geta verið af völdum dauðsfalla, slysa, alvarlegra og/eða langvarandi veikinda, líkamsárása, náttúruhamfara, skilnaðar foreldra, kynferðislegrar misnotkunar, eineltis og annarra þátta sem samkvæmt mati teymis veldur áfalli hjá nemanda/starfsmanni.

Teymið starfar í trúnaði við skjólstæðinga sína og lætur ekki upplýsingar frá sér nema í fullu samráði við viðkomandi.

Nemendaverndarráð

Hlutverk þess er m.a. að vera vettvangur umræðu og samvinnu varðandi sérúrræði og framkvæmd þeirra og fylgja eftir málum sem vísað er til sérfræðinga.



Í ráðinu sitja skólastjórnendur, fagstjóri sérkennslu, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og tengiliður frá Fjölskyldudeild. Kennarar sitja fundi ráðsins þegar fjallað er um mál sem varða nemendur þeirra. Ráðið fundaði jafnan vikulega, fimmtudagsmorgna kl. 8.15 - 9.15. Í vetur urðu fundir alls 24. Fagstjóri í sérkennslu er Laufey Hreiðarsdóttir og bar hún ábyrgð á dagskrá og skipulagningu funda og er jafnframt tengiliður við Fjölskyldudeild. Tengiliður nemendaverndarráðs við barnaverndarteymi var Dalrós Halldórsdóttir, félagsráðgjafi, og við skólatelymi Líney Helgadóttir, sérkennsluráðgjafi. Sálfræðingur var Karen Júlía Sigurðardóttir.

Námsráðgjöf

Þórunn Bergsdóttir var í 50% starfi námsráðgjafa við skólann þetta skólaár. Vegna veikinda hennar frá áramótum var enginn námsráðgjafi við störf en deildarstjóri eldra stigs, Vala Stefánsdóttir, sinnti hluta af verkefnum námsráðgjafa. Námsráðgjafi hafði fastan viðtalstíma dag hvern auk símatíma. Námsráðgjöf stóð öllum opin en skipulögð viðtöl voru í elstu árgöngum.

Helstu verkefni fólust í að:

Veita ráðgjöf varðandi nám, námstækni og námsvenjur.

Standa vörð um velferð nemenda, vera trúnaðarmaður og málsvari þeirra.


Auka skilning nemenda á eigin stöðu þannig að þeir meti raunsætt möguleika varðandi nám og starf og aðstoða þá við að gera sér grein fyrir áhugasviðum og hvetja þá til sjálfsábyrgðar og stefnufestu.

Safna og miðla upplýsingum um nám og störf.

Undirbúa nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga og fylgja þeim eftir inn í framhaldsskóla. Hjálpa nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans í samráði við nemendaverndarráð.

Vera þátttakandi í aðgerðarteymi skólans.

Sinna forvarnarstarfi vegna vímuefna og annarra vágesta sem gætu raskað lífi nemenda, t.d. í gegnum Maritaverkefnið.



7. EEP í náttúrufræðitíma

Valgreinar

Hver nemandi í 9. og 10. bekk er í fimm valgreinum sem samsvara 10 kennslustundum á viku yfir veturinn. Hluti valgreinanna er kenndur í skólanum en hluti er sameiginlegur með öðrum skólum á Akureyri og kenndur víðs vegar um bæinn. Valgreinar í Giljaskóla veturinn 2007-2008 voru: enska, fatasaumur, heimilisfræði, íþróttufræði, leiklist, myndmennt, námstækni/árbók, náttúrufræði, samfélagsfræði, stærðfræði, íslenska, myndvinnsla og stafræn ljósmyndun og heimanámsval.

Þær greinar sem kenndar voru í sameiginlegu vali milli skóla voru eftirtaldar: Að standa á eigin fótum, ég get, ég vil, ég skal, handboltaskóli KA, heimspeki, knattspyrnuskóli Þórs, leikhúslíf, lífið og tilveran, líkamsrækt, mósaik/bútasumur/leir, myndlist, SMD-námskeið, spænska, tölvur og vélbúnaður, ullarþæfing, útivistarfræði, vefforitun, vetraríþróttir, vélavinnsla og viðgerðir, þýska og fjarnám MA/VMA.



Nemendur áttu kost á að fá félagsstarf/íþróttir eða nám utan skólans metið í stað valgreinar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Heimasíða, Mentor og Skráin

Á heimasíðu Giljaskóla er að finna upplýsingar um flest er varðar skólastarfið og eru nýjar upplýsingar færðar inn reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir starfsfólk skólans og nemendur, skóladagatal, stundaskrár, skólareglur, námsvísar, heimanám og skólanámskrá. Upplýsingar um þjónustu námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, skólasafns, frístundar og fleira er á síðunni, auk upplýsinga um foreldrastarf. Á fréttasíðu eru birtar helstu fréttir og á bekkjarsíðum má lesa um hvað er efst á baugi í hverri bekkjardeild, skoða myndir og ýmislegt sem snertir bekkinn. Á síðunni má loks finna ýmsa gagnlega tengla, m.a. er unnt að tengjast Matartorgi til að skrá nemendur í mat í mötuneyti skólans. Veffangið er: <http://www.giljaskoli.is>.

Mentor er upplýsingakerfi fyrir skólasamfélagið. Mentor.is er gagnagrunnur með vefviðmóti sem þýðir að notendur geta unnið í kerfinu hvar og hvenær sem er hafi þeir aðgang Internetinu. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla stuðlar að gagnkvæmu trausti milli aðila. Því er lögð rík áhersla á það við hönnun kerfisins að upplýsingagjöf til foreldra sé auðveld og skilvirk. Foreldrar/forráðamenn nemenda Giljaskóla fá lykilorð að fjölskylduvef Mentors sem veitir þeim aðgang að upplýsingum um skólagöngu barna þeirra s.s. stundatöflu, ástundun, einkunnir og heimavinnu. Veffangið er: <http://www.mentor.is>.

Skráin er innra upplýsingakerfi Giljaskóla. Þar má nálgast ýmsar upplýsingar um skólastarfið, fréttir, fundargerðir, starfsreglur og fleira. Markmiðið er að safna í Skrána upplýsingum sem ekki finnast í Mentor, upplýsingum sem snerta annað en námsferil nemenda og námsárangur. Ýmsar einingar kerfisins eru tilbúnar en haldið verður áfram að bæta við kerfið. Höfundur Skráarinnar er Jón Baldvin Hannesson.

Skólasafn

Kennsla: Að jafnaði hafa verið kenndar 11 stundir á viku í vetur. Allir bekkir skólans fengu tíma á safninu nema 10. bekkur.

Í 1. bekk voru skoðaðar ýmsar tegundir bóka, farið yfir reglur safnsins, skipulag þess og meðferð bóka. Nemendur bjuggu til sögur um börn og bókasöfn, teiknuðu myndir við sögurnar og búin voru til veggspjöld sem hengd voru upp á safninu.

Í 2. bekk hefur sömuleiðis verið farið yfir grunnatriði sem snúa að bókum og bókasöfnum, unnið með stafrófið, fjallað um ævintýri og mismunandi gerðir sagna. Ætlunin er að vinna myndverk upp úr völdum ævintýrum og nýta munnlega geymd þannig að nemendur geti sagt hver öðrum söguna út frá myndunum.

Í 3. bekk var unnið að bókagerð. Þar kynntust börnin fræðibókum með því að búa til eina slíka sjálf. Bók þessi var unnin í tengslum við efni um víkingaferðir og landnám. Vel má hugsa sér að halda áfam með þessa bók í 4. bekk. Farið var yfir helstu hluta bókar, uppröðun og fleira. Fjallað um mun á ævintýrum og öðrum gerðum sagna. Munnleg frásögn æfð með leikjum o.fl.



Í 4. bekk voru kynntir tveir íslenskir rithöfundar, Kristín H. Gunnarsdóttir og Kristín Steinsdóttir, og unnin verkefni í tengslum við bækur þeirra. Ætlunin er að kynna fleiri höfunda ef tími vinnst til. Einnig eru unnin fleiri verkefni sem tengjast bókum, m.a. úr bókinni *Í leik á skólasafni* eftir þær Kristínu Unnsteinsdóttur og Ragnhildi Helgadóttur.

Í 5. bekk var farið vel yfir verk Guðrúnar Helgadóttur í tilefni sýningar Leikfélags Akureyrar á Óvitum. Lesið var úr bókum hennar, unnin verkefni og kynningar upp úr þeim. Nemendur æfðu sig í að finna og nota lykilorð í texta, m.a. með því að búa til sögur út frá völdum orðum. Áhersla lögð á skilning nemenda á annars vegar raunsæisbókmenntum og hins vegar ævintýrum.

Í 6. bekk unnu nemendur verkefni um ævi og störf Jóns Sveinssonar, Nonna, í tilefni af 150 ára afmæli hans. Æfð hefur verið bókaleit, bæði í gegni.is og hillum safnsins, sögur skrifaðar út frá lykilorðum o.fl.

Í 7., 8. og 9. bekk hafa verið unnin heimildaverkefni/ritgerðir. Þar hefur safnkennari aðstoðað við heimildaleit, lesið ritgerðirnar og gefið umsögn um heimildapáttinn eftir óskum hvers kennara fyrir sig. Lögð hefur verið áhersla á bókaleit bæði í hillum og á neti.

Í 7. bekk var unnin heimildaritgerð í samfélagsfræði í samvinnu við Elvu Eir Þórólfsdóttur kennara, í 8. bekk var sömuleiðis unnin ritgerðavinna í samvinnu við Brynjar K. Óttarsson kennara og í 9. bekk var samvinnan við kennarana Kolbrúnu Jónsdóttur og Björn Ó. Guðmundsson. Auk þessa var lesið úr nýjum barna- og unglingabókum í desember fyrir 1. - 7. bekk.

Á safninu fóru einnig fram æfingar fyrir Stóru upplestrarkeppnina.

Í vetur voru 10 kennslustundir á viku notaðar til útlána (8:00 - 9:20). Börn í 2. til 5. bekk nota safnið mest og er ljóst að yndislestur minnkar þegar ofar dregur í skólanum. Brynt er að safnkennari og íslenskukennarar vinni saman að því að auka þennan þátt börnunum til hagsbóta.

Útlán á gögnum safnsins voru 4213 (frá ágúst fram í miðjan mars). Skil á gögnum hafa verið góð, en töluverður tími fer í að halda utan um safngögnin og hirða um þau. Nauðsynlegt er auka tíma til viðgerða og plöstunar bóka því safnkennari nær ekki að sinna þessu innan síns vinnuramma.

Skráning: Á safninu eru nú alls skráð 6838 eintök, þar af 5882 bækur, 256 hljóðbækur, 224 tímarit o.m.fl. Enn er töluvert efni óskráð, einkum tímarit, gögn á vinnurými kennara, spil o.fl. Um þessar mundir er verið að nýskrá áður óskráð efni á skólasöfnum Akureyrar. Sú skráning fer fram á Amtsbókasafninu, framkvæmd af aðila sem hefur réttindi til nýskráningar og bíðum við hér í Giljaskóla eftir því að röðin komi að okkur. Við eigum nokkurt magn af slíku efni, aðallega erlendum bókum.

Safnið sem félags- og vinnuaðstaða. Nokkuð er um að nemendur nýti safnið sem samkomustað; tefli þar, spjalli og lesi. Eins hafa nemendur nýtt tölvur safnsins við vinnu að heimildaverkefnum. Sjálfsagt er að efla þennan þátt, laða nemendur að bókasafninu og huga sérstaklega að þörfum unglinganna. Keypt hafa verið innlend og erlend tímarit sem sérstaklega höfða til unglinga, með það í huga að laða þá að safninu, auk bókakistuverkefnis sem nefnt verður hér á eftir.

Samvinna skólasafnskennara á Akureyri var mikil í vetur og voru m.a. skipulagðar tvær heimsóknir rithöfunda fyrir alla skóla bæjarins, bæði fyrir yngsta- og unglingastig, og þóttu þær takast vel. Því miður gátum við í Giljaskóla ekki tekið þátt í dagskránni sem ætluð var fyrir unglingastig vegna þess að dagsetning heimsóknarinnar var einmitt á sama tíma og kennarar voru erlendis á námskeiði og nemendur í vetrarfríi. Rithöfundaheimsóknin á yngsta stigi heppnaðist ljómandi vel.

Mánaðarlegir fundir safnkennara í bænum hafa reynst afar gagnlegir og margt komið fram þar sem nýst hefur vel.



Samvinna við Amtsbókasafnið: Farið var af stað með tilraunaverkefni sem er samstarf milli grunnskóla í bænum og Amtsbókasafnsins. Þar er um að ræða svokallaðar bókakistur. Unglingar úr 9. bekk fara a.m.k. tvisvar á önn ásamt kennara á Amtsbókasafnið með bókakistu sem þeir velja efni í. Kistan er geymd á skólasafninu í nokkrar vikur og nemendur í 8. - 10. bekk hafa þar aðgang að efninu sem þó er ekki lánað út, nema með leyfi kennara og þá aðeins til notkunar í kennslustofu. Verkefnið lofar góðu en kennarar á unglíngastigi þurfa að vera duglegir að kynna það og hvetja nemendur til að skoða í kistuna. Eins má t.d. nota kistuna sem umbun.

Bókasafnið stækkar jafnt og þétt og reynt er að leggja áherslu á nýtt og gagnlegt efni, t.d. hafa verið keyptar margar stórar fræðibækur o.fl. efni í vetur.

Skólasafnskennari er Ingunn V. Sigmarsdóttir

Viðburðir

Útiskóli

Í byrjun skólaárs er jafnan stefnt að því að vera úti með nemendur eins mikið og hægt er. Með útiskóla er átt við að útiveran sé markviss og unnið sé eftir markmiðum aðalnámskrár. Gönguferðir og önnur samvera úti er af hinu góða, en enn betra er ef hægt er að flétta ýmis verkefni inn í útiveruna. Oft geta þau dýpkað skilning nemenda á viðfangsefnum sem kannski síðar eru tekin upp innan veggja skólastofunnar. Við erum að þróa vinnuaðferðir okkar og vonumst til að geta unnið enn fleiri verkefni úti en nú er raunin.



7. bekkur við Hundatjörn

Vinabekkir

Vinabekkir eru starfræktir í Giljaskóla. Markmiðið er að skapa vettvang fyrir yngri og eldri nemendur að kynnast og starfa saman. Eldri nemendurnir geti þá einnig verið ákveðinn bakhjarl fyrir þá yngri. Eftirtaldir árgangar eru vinabekkir: 1. og 6. bekkur, 2. og 7. bekkur, 3. og 8. bekkur, 4. og 9. bekkur og að lokum 5. og 10. bekkur.

Í haust var farið í sérstakar vinabekkjafærðir og unnin hin ýmsu verkefni hjá flestum hópunum.



Vinabekkir í Kjarnaskógi

Þema

Á hverjum vetri er venjulegt skólastarf brotið upp og boðið upp á fjölbreytt verkefni tengd einhverju þema. Skólaárið 2007-2008 var ákveðið að hafa þemaverkefni aðskilin eftir aldursstigum. Þemadagar 1. - 3. bekkjar voru haldnir dagana 21., 22. og 23. apríl. Yfirskrift þeirra var **Ævintýrin**.



Umsjónarkennarar voru með sína bekki fyrstu tvo dagana í vinnu með ævintýri en á lokadeginum voru smiðjur í hverri stofu. Þangað komu nemendur úr öllum þremur árgöngunum og var þeim dreift á mismunandi smiðjur.

Hóparnir voru átta og unnið með sjö mismunandi ævintýri.

Markmið þemadaganna: að fræðast um ævintýri; að fá nemendur til að skynja og upplifa ýmis ævintýri; að nemendur öðlist nýja sýn á sögugerð og frásagnarlist nú og fyrr; að upplifa, njóta og vinna saman.

Þemadagarnir gengu mjög vel. Mikil vinnugleði og rólegheit. Allir sælir og glaðir eftir vel heppnaða þemadaga.

Yfirskrift þemadaga hjá 4. - 7. bekk var **Afríka**.

Þemadagar þeirra voru haldnir í október. Sett voru upp fjögur aðalverkstæði sem fjölluðu um fólkið, landið, sögu og menningu og hjálparstarf. Auk þess fengu allir að sjá myndasýningu um dýralíf í Afríku og leika á Marimba hljóðfæri skólans. Svo var það rúsínan í pylsuendanum, Afródansinn. Hingað komu Sigrún Grendal og Cheik Bandura frá Kramhúsinu síðasta daginn og voru með danskennslu fyrir alla hópana. Nemendur voru í sömu hópunum alla dagana og fengust við mismunandi verkefni innan þeirra. Markmið þemadaganna: að fræðast um Afríku; að fá nemendur til að skynja að Afríka er auðugt land; að nemendur öðlist nýja sýn á Afríku, ekki bara sem stríðshrjáð og fátæk álfa; að upplifa, njóta og vinna saman; að fá foreldra til samstarfs við okkur.

Þemadagarnir tókust mjög vel og mikil vinnugleði hjá öllum.

Þemadagar hjá 8.- 10. bekk voru að venju **Stuttmyndadagar** og tengdust árshátíðinni (sjá umfjöllun þar).

Dagur íslenskrar tungu og 1. des.

Á degi íslenskrar tungu hittu nemendur á unglíngastigi jafnaldra sína úr hinum grunnskólum bæjarins þar sem flutt voru atriði til heiðurs Jónasi Hallgrímssyni. Jónas átti 200 ára fæðingarafmæli þennan dag og því var dagskráin að öllu leyti tileinkuð honum og lífshlaupi hans. Samkomu á sal hjá yngsta- og miðstigi var frestað um eina viku vegna námsferðar kennara til USA.

Viðfangsefni yngsta- og miðstigs var til heiðurs Jóni Sveinssyni, Nonna, sem hefði orðið 150 ára þann 16. nóvember. Yngsta stigið söng nokkur lög en miðstigið sýndi leikrit og dans. Tengdust þessir þættir lífshlaupi Nonna og bróður hans Manna.

Á fullveldisdaginn, þann 1. desember, var fánafatadagur í Giljaskóla. Nemendur og starfsmenn komu þá klæddir í fánalitunum þremur og settu skemmtilegan svip á skólalífið. Eins var dagskrá á sal skólans þar sem rifjaðir voru upp atburðir fullveldisdagsins 1918 og nokkur ættjarðarlög sungin.



Litlu jól

Í desember voru skipulagðar "jólasöngsvalir" fyrir alla. Allir nemendur komu fram á svalirnar og sungu fimm til sjö sinnum við undirleik tómenntakennarans. Þetta setti skemmtilegan blæ á aðventuna.

Í desember var sjötti bekkur með jólahelgileik sem sýndur var fyrir yngri deildir. Litlu jólin voru síðan síðasta dag fyrir jólafrí. Þá mættu allir í sínu fínasta þússi. Byrjað var á að fara í stofur, síðan komið á sal, gengið í kring um jólatré og sungin jólalög. Þá var aftur farið í stofur og skoðað í pakka sem allir komu með. Árgöngum blandað saman og þurfti að fjórskipta nemendum svo allir kæmst fyrir.



Leikarar í jólahelgileik 6. bekkjar

Íþróttadagar og útivist

Tveir útivistardagar voru skipulagðir, einn á hvorri önn. Á haustönn var útivistadagurinn hugsaður þannig að vinabekkirnir skipulögðu ferð eða verkefni að eigin frumkvæði og fóru út á mismunandi dögum.



Norræna skólahlaupið

Norræna skólahlaupið var gert að áheitahlaupi að þessu sinni. Áheitin sem söfnuðust frá nemendum og starfsfólki voru notuð til þess að styrkja skólagöngu tveggja barna sem skólinn hefur tekið í fóstur í samvinnu við ABC barnahjálp. Nemendum í 3. og 4. bekk gafst kostur á skautakennslu í fjögur skipti á haustönn. Nemendum í 5. bekk gafst kostur á skíðakennslu í Hlíðarfjalli í þrjá daga samfleytt. Nemendur í 6. bekk fengu tækifæri til að sigla á Pollinum á Húna II, renna fyrir fisk og smakka afurðina.

"Einvarðarleikarnir" svonefndu voru að venju haldnir í 8. - 10. bekk. Þar var m.a. keppt í reiptogi, eggjakasti, stígvélakasti, þrautabraut ofl.

Á vorönn var skíðadagur og allir fóru í Fjallið. Þar var boðið uppá skíði, bretti, snjópotu eða gönguferðir undir leiðsögn kennara.

Í vor var hreinsunardagur í samvinnu við umhverfisdeild Akureyrarbæjar og hver bekkur fékk sitt verkefni við tiltekt og hreinsun á umhverfi skólans eftir veturinn. Samkvæmt venju var síðan slegið upp ísveislu á eftir.



Það var kraftmikið lið Giljaskóla sem sigraði 8. riðil í Skólahreysti 2008 á Akureyri.

Keppendur voru Gunnar D. Sigurðsson, Karen Hrönn Vatnsdal, Alexandra Guðlaugsdóttir og Viktor Samúelsson. Keppnin var haldin í Íþróttahöllinni við Skólastíg og áhorfendur og stuðningsmannalið skólanna troðfylltu höllina. Stemningin var ólýsanlega flott og ekki nokkur leið að velja flottasta stuðningsmannalið því þau voru hvert öðru flottara



Gunnar, Karen, Alexandra og Viktor, lið Giljaskóla í skólahreysti

með töff skiltum, trommum og fjöri. Lið Giljaskóla sýndi mikla hreysti og keppnishörku. Þau náðu að halda forystu alla keppnina. Gunnar D. Sigurðsson sigraði bæði upphíingar og dýfur. Hann tók 42 upphíingar og 34 dýfur. Karen H.Vatnsdal vann armbeygjur og tók hún 58 stk. og var aðeins 7 frá íslandsmeti sem er 65 armbeygjur. Alexandra Guðlaugsdóttir og Viktor Samúelsson náðu fjórða sæti í hraðapraut og það dugði þeim til sigurs og náðu þau sér í 31 stig í heildina. Liðið fór síðan í úrslitakeppnina í Reykjavík og náði þar 7.sæti.

Árshátíð og stuttmyndadagar

Árshátíðin var haldin í apríl og var skipt eftir aldursstigum. Yngsta stig var með eigin sýningu fyrir aðra nemendur, foreldrasýningu og einnig var elstu nemendum leikskólanna Tröllaborga og Kiðagils boðið að koma á sýningu. Helstu atriði hjá yngsta stigi voru m.a söngur og leikur byggður á sögunum Út um holt og hæðir eftir Herdís Egilson, Rauðhettu og úlfinum, og ýmsum ævintýrum.

Á árshátíð miðstigs var meðal annars söngur og dans frá Grease tímabilinu, leikþættir sem hétu Ævintýrið sem endaði, Næturvaktin í Svíþjóð, Stæling á Söngvaborg Siggú og Maríu sem og Evróvisionsyrpa. Leiklistarval 8. - 10. bekkjar sýndi þar Rauðhettu og skúrkana þrjá.

Á eftir foreldrasýningum á yngsta og miðstigi var að venju kaffihlaðborð í boði fjáröflunarnefndar 10. bekkjar. Ball var síðan í salnum þegar hann hafði verið rýmdur. Aðgangseyrir sem inn kom af árshátíð á yngsta- og miðstigi og böllunum var skipti milli bekkja til nota fyrir nemendur, m.a. til að gera sér glaðan dag að vori. Töluvert rask varð í matsal þessa árshátíðardaga því æfingar og sýningar fara fram á sal sem einnig er matsalur skólans.

Stuttmyndadagar eru þemadagar unglingsstigs. Á vorönn unnu nemendur í 8., 9. og 10. bekk ritunarverkefni sem fólst í því að skrifa stuttmyndahandrit. Nemendur höfðu val um hvort þeir unnu það sem einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Íslenskukennarar völdu síðan úr þau handrit sem komu til greina til að gera stuttmynd eftir og umsjónarmaður stuttmyndadaga valdi svo úr þau handrit sem stuðst var við. Höfundar þeirra handrita urðu sjálfkrafa leikstjórar sinna mynda og fengu stutta leiðsögn um hlutverk sitt og viðfangsefni áður en stuttmyndadagarnir hófust.

Í ár var kennt kvikmyndagerðarval þar sem nemendur tóku upp myndefni og æfðu sig í að klippa í tölvu. Það var þó ekki gert að skilyrði á stuttmyndadögum að nemendur í kvikmyndagerðavali sæju



um kvikmyndatöku og klippingu heldur var það í höndum leikstjóra og nánustu samverkamanna þeirra. Margir sem komu að kvikmyndatöku og klippingum í ár höfðu þó reynslu úr kvikmyndagerðavali. Stuttmyndadagarnir voru 2. - 4. apríl. Nemendum var skipt í 7 hópa, 6 stuttmyndahópa og skreytingahóp. Skreytingahópur sá um að útbúa skeytingar fyrir stuttmyndasýninguna, verðlaunagrip og leiktjöld fyrir leiklistarval. Sex stuttmyndahópar bjuggu til sjö stuttmyndir sem voru á bilinu 8 til 24 mínútur að lengd.

Mánudaginn 7. apríl hófst kennsla að nýju samkvæmt stundaskrá með þeirri undantekningu að leikstjórar og klipparar fengu tíma til að ganga frá myndum sínum í sýningarhæft form.

Stuttmyndasýningin fór fram í aðdraganda árshátíðarballsins 11. apríl. Nemendum unglíngastígs var boðið ásamt foreldrum að koma og sjá myndirnar og leikrit leiklistarvals. Gestir fengu svo að kjósa þá sem voru verðlaunaðir fyrir bestan leik karla og



Greasesyrpa 4. bekkjar

kvenna, leikstjórn, klippingu, kvikmyndatöku, leik í aukahlutverki og búninga. Sú nýbreytni var höfð á atkvæðagreiðslunni að þessu sinni að umsjónarmaður stuttmyndadaga útbjó tilnefningar til hverra verðlauna sem hægt var að kjósa á milli.

Verðlaunaafhendingin fór svo fram á árshátíðarballinu um kvöldið. Þetta fyrirkomulag, að samþætta stuttmyndadagana og árshátíðina eins og gert hefur verið síðustu tvö ár, hefur gefið mjög góða raun og gert árshátíð Giljaskóla hvorutveggja í senn, sérstæða innan grunnskóla Akureyrar og einstaklega hátíðlega og eftirminnilega fyrir nemendur.

Ennfremur var sú nýbreytni tekin upp að heimilisfræðival ásamt kennara sínum, Láru Gunnðísi, undirbjó þrírétta matarveislu fyrir útskriftarnemendur árshátíðarkvöldið. Lagt var á veisluborð á gangi skólans og stjórnendur og kennarar gengu um beina. Myndirnar sem gerðar voru eru:

Gullkúlueilífðarkúluleiðangurinn, handritshöfundar: Hildigunnur 10. AMS og Petrea 10. AMS, leikstjóri Hildigunnur 10. AMS;

Helga vikan, handritshöfundar og leikstjórar Andri Þór 9.SA og Sigurbjörn 9. SA.

Giljagrín, handritshöfundar; Ragna Sif 10. AMS, Brynja 10. AMS, Stefanía Ósk 10. AMS, Karítas 10. DFJ. Leikstjórar: Ragna Sif 10. AMS, Stefanía Ósk 10. AMS, Karítas 10. DFJ;

Sólskinsborg, handritshöfundar og leikstjórar: Hallfríður 10. DFJ, Sigríður 10. DFJ;

Svarti hnappurinn, handritshöfundur og leikstjóri: Anton 10. AMS;

Titillinn mikli, handritshöfundur og leikstjóri: Örn Dúi 9. BÓG;

Leyndarmál skólastjórans, handritshöfundar og leikstjórar: Silja 10. AMS, Guðrún 10. DFJ, Gyða 10. DFJ.

Stuttmyndin Leyndarmál skólastjórans sópaði til sín verðlaunum, m.a. hlaut hún titilinn besta myndin.



Stóra upplestrarkeppnin

Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, hófst undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Jón Baldvin, skólastjóri, setti keppnina og Ingunn V. Sigmarsdóttir, umsjónarmaður keppninnar, kynnti nemendum fyrirkomulag. Undirbúningur í vetur var í höndum umsjónarkennaranna Elvu Eirar Þórólfsdóttur og Rögnu Kristjánsdóttur og safnkennarans Ingunnar V. Sigmarsdóttur. Í nóvember fóru Ingunn, Ragna og Steinunn L. á undirbúningsnámskeið hjá Baldri Sigurðssyni, þar sem farið var í gegnum helstu atriði framsagnar o.fl. Æfingar fyrir keppni fóru fram á bókasafni undir stjórn Ingunnar.



Snjólaug, Aldís og Anna Helena

Stóra upplestrarkeppnin var síðan haldin í Giljaskóla 13. mars. Sigurvegarar að þessu sinni voru þær Aldís Bergsveinsdóttir og Snjólaug Heimisdóttir úr 7.EEÞ. Til vara var kosin Anna Helena Hauksdóttir úr 7.RK. Þær Aldís og Snjólaug tóku síðan þátt í Stóru upplestrarkeppninni á Akureyri sem haldin var í MA þann 8. apríl. Aldís hlaut þriðja sæti og voru þær báðar skólanum til sóma.

Nemendaferðir

Vorferðir

Á vegum skólans voru farnar ýmsar ferðir tengdar sveigjanlegu skólastarfi. Útivist og vettvangsferðir eru hluti af námi nemenda. Í þeim gefst tækifæri til að dýpka innihald viðfangsefna hverju sinni og efla jákvæð og ánægjuleg samskipti í nemendahópnum. Skemmtiferðir eru ýmist farnar á vegum skólans eða foreldra efla samheldni og félagsvitund barna og styðja við góðan starfsanda nemenda og foreldra í skólanum. Meginreglan er sú að skólinn greiðir fyrir námsferðir en foreldrar fyrir skemmtiferðir. Sumar ferðir eru þess eðlis að samvinna skóla og heimilis er nauðsynleg varðandi kostnað og tilhögun.

Þau viðmið eru höfð að nemendur í 1.- 3.- 5. - 7. og 9. bekk fara í vorferðir innanbæjar, göngu-, hjóla- eða strætóferðir, en nemendum í 2. - 4. - 6. - 8. - 10. bekk gefst tækifæri á að boðið sé uppá rútuferðir fyrir þá. Nemendur sérdeildar fylgja tengslabekkjum sínum.

Í vor var farið í eftirfarandi ferðir;

1. bekkur: Gönguferð í Giljahverfi og leikið á túninu og brekkunni við Vættagil. Þar var síðan slegið upp grillveislu.
2. bekkur: Fór til Húsavíkur, skoðaði Hvalasafnið og áði síðan í Skrúðgarðinum við Búðará sem rennur í gegnum Húsavík.
3. bekkur: Fór með rútu í Kjarnaskóg. Þar var haldin vegleg vorhátíð með grilli og leikjum.
4. bekkur: Fór var með rútu í Smámunasafnið í Sólgarði. Ekið var um Eyjaförð og áð í kvenfélagsgarðinum við Þverá.



5. bekkur: Fór ýmist hjólandi eða með strætó í Kjarnaskóg. Þar var grillað og farið í leiki. Veður var mjög gott og spennandi að vaða í lækjunum í skóginum.
6. bekkur: Fór með rútu í Skagafjörð og heimsótti Sturlungaslóðir, Örylgsstaði og Hóla í Hjaltadal. Var á þessum slóðum þegar fyrstu tilkynningar um ísbjörn í Skagafirði fóru að berast.
7. bekkur: Fór að Hrafnagili og sló upp pizzaveislu í íþróttasalnum. Skemmtu allir sér konunglega í sundi og vatnsrennibraut laugarinnar.
8. bekkur: Fór með rútu til Húsavíkur. Þar var farið í fjöruferðir og gönguferðir um bæinn og nesti snætt.
9. bekkur: Farið var í gönguferð í Brynju og keyptur ís. Gengið var til baka úr Innbænum og inni miðbæ. Loks var farið með strætó heim til annars umsjónarkennarans, sem var að kveðja bekkinn sinn og slegið upp grillveislu þar.

Reykjaferð 7. bekkjar

Vikuna 14. – 18. apríl fóru 7. EEP og 7. RK í skólabúðirnar að Reykjum. Vikan gekk einstaklega vel í alla staði og höfðu krakkarnir nóg að gera. Stundaskrá krakkanna var þéttskipuð, meðal annars var farið í fjöruferð, byggðasafnið skoðað og farið í stöðvaleik. Mjög gott íþróttahús er á staðnum sem var mikið notað sem og sundlaugin. Kvöldvökur voru hápunktar í lok hvers dags. Á þær komu krakkarnir með undirbúin skemmtiatriði. Það voru þreytt en sæl börn sem dattu útaf á kvöldin.

Hópurinn í heild fékk mjög góð meðmæli enda voru krakkarnir til fyrirmyndar í alla staði. Rútubílstjórnarnir höfðu sjaldan verið með svo meðfærilegan hóp og kokkurinn hafði sjaldan lent í því að þurfa að hafa þríréttað þar sem krakkarnir borðuðu svo vel að allt kláraðist. Þetta var frábær ferð sem lifir sjálfsagt lengi í minni. Krakkarnir voru skólanum og foreldrum sínum til mikillar þryði.

Skólaferðalag 10. bekkjar



Í vorferð 10. bekkjar fóru 34 nemendur. Fararstjórar voru Anna María Sigurðardóttir og Þórunn Sigurðardóttir og bílstjóri Gunnar Georg. Lagt var af stað kl. 9 mánudaginn 26. maí og komið heim fimmtudaginn 29. maí. Fyrstu nóttina var gíst að Varmalandi en seinni næturnar tvær í Tónabæ í Reykjavík. Ferðalangarnir fóru m.a. í flúðasiglingu í Skagafirði, Adrenalíngarðinn á Nesjavöllum, litbolta í Reykjavík, í sund, út að borða og í bíó. Ferðin var skemmtileg og voru nemendur og fararstjórar ánægðir með hve vel tókst til.



Mat á skólastarfi


Námsárangur og samræmd próf

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá niðurstöður allra samræmdra prófa sem nemendur Giljaskóla hafa tekið frá upphafi. Almennt má segja að niðurstöðurnar séu nokkuð góðar en þó má finna fáein frávik frá því. Landsmeðaltal prófa, 30 stig, er sýnt með heilli línu. Meðaltal skóla á Norðurlandi eystra er sýnt með dökkbláum lit og meðaltal grunnskóla á Akureyri er sýnt með bleiku. Þar sem árið 2005 er síðasta ár sem meðaltöl fyrir grunnskóla á Akureyri eru tiltæk endar bleika línán þar. Meðaltöl Giljaskóla eru sýnd með grænni línu.






7. bekkur íslenska



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
◆ Norðurland eystra	30,0	31,2	30,0	30,3	30,3	31,0	31,2
■ Akureyri	30,8	29,1	33,0	31,4	29,5		
▲ Giljaskóli	25,8	34,2	31,1	31,7	28,7	31,7	32,7


7. bekkur stærðfræði



	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
◆ Norðurland eystra	30,0	30,6	30,0	29,3	29,3	30,4	29,7
■ Akureyri	30,2	32,6	31,1	30,4	28,8		
▲ Giljaskóli	25,2	33,6	31,1	29,3	27,6	31,1	31,2




10. bekkur íslenska



	2004	2005	2006	2007
—◆— Norðurland eystra	29,6	28,8	29,6	30,2
—■— Akureyri	30,5	28,8		
—▲— Giljaskóli	24,0	25,9	31,7	31,9

10. bekkur stærðfræði



	2004	2005	2006	2007
—◆— Norðurland eystra	29,0	29,5	29,3	29,3
—■— Akureyri	30,9	30,4		
—▲— Giljaskóli	26,3	26,4	34	32



Helstu niðurstöður kannana og viðtala

Gerðar eru reglulegar kannanir á viðhorfum foreldra, nemenda og kennara til skólstarfsins en ekki er mögulegt að gera þeim öllum ítarleg skil í þessari skýrslu. Hér fyrir neðan er getið nokkurra þátta sem gefa nokkra mynd af helstu niðurstöðum sem fyrir liggja:

Háskólinn á Akureyri hefur undanfarin ár lagt læsispróf fyrir 1. og 2. bekkjar nemendur í öllum grunnskólum á Akureyri og unnið upp úr þeim samanburðarniðurstöðum. Í heildina má segja að nemendur Giljaskóla hafi komið þokkalega út og verið nálægt meðaltalinu. Einstaka frávik hafa þó verið frá þessu og gaman er að geta afbragðs góðs árangurs núverandi 1. bekkjar sem hefur verið vel yfir meðaltalinu í ár.

Haustið 2007 gafst Giljaskóla kostur á að vera með í eineltiskönnun sem notuð er af svokölluðum Olweusarskólum. Um er að ræða ítarlega könnun sem greinir tíðni og alvarleika eineltis í 4. – 10. bekk. Í stuttu máli eru niðurstöðurnar viðunandi þegar þær eru bornar saman við aðra skóla. Þó virðist eitthvað vera um einelti og það er í sjálfu sér alltaf óásættanlegt. Nokkrir nemendur, bæði strákar og stelpur, kvarta undan einelti og eru það helst nemendur á miðstigi. Athygli vekur hve margir nemendur geta hugsað sér að leggja nemanda sem þeim er illa við í einelti. Bendir það til þess að við verðum að gera enn betur í að rækta með þeim umburðarlyndi gagnvart öðrum og skilning á því hve einelti er alvarlegt mál. Bæði foreldrar og kennarar þurfa að leggja sig fram hvað þetta varðar.

Á fjögurra ára fresti eru lagðar fyrir kannanir í 10. bekkjum grunnskóla í um 40 Evrópulöndum um neyslu áfengis og vímuefna (ESPAD – European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs). Vorið 2007 var fyrst lögð fyrir slík könnun hér í Giljaskóla. Niðurstöður Giljaskóla og Síðuskóla eru birtar saman til að ekki sé hægt að rekja svör til einstaklinga. Niðurstöður sýna að nemendur skólanna tveggja stóðu sig vel í samanburði við aðra nemendur á Akureyri og nemendur á landinu í heild. Engir reyktu daglega, hvorki í Giljaskóla né Síðuskóla og heldur ekki í öðrum skólum á Akureyri, en 10,5% af 10. bekkjum á Íslandi gerðu það. Þeir sem höfðu orðið ölvaðir á síðustu 30 dögum voru 11,1%. Sú tala var fyrir alla tíundu bekkjunga á Akureyri 15% og alla nemendur á landinu 18,3%. Fáeinir sögðust einhvern tíma hafa neytt annarra fíkniefna og voru þær tölur svipaðar og annars staðar.

Svörun við foreldrakönnun sem lögð var fyrir í janúar 2008 var einungis um 45% og því ekki hægt að draga of víðtækar ályktanir af niðurstöðunum. Almennu eru skoðanir foreldra mjög jákvæðar í garð skólans. Þeir sem eru mjög sammála eða frekar sammála því að: barninu líði vel í skólanum – eru 98,2%; kennarar komi fram við barnið af virðingu – eru 96,3%; komið sé til móts við þarfir barnsins – eru 96,4%; metnaður kennara sé mikill – eru 97%; kennsluaðferðir séu fjölbreyttar – eru 96,3%; árangur barnsins sé í samræmi við væntingar – eru 95,8%; samstarf við kennara sé ánægjulegt – eru 96,9%; Giljaskóli sé góður skóli – eru 95,2%.

Ívið færri telja að skólahúsnæðið hæfi skólstarfinu vel og lóð mæti þörfum barnanna (85,6%), nemendur fái næga hreyfingu í skólanum (87,2%), unnið sé að því að koma í veg fyrir einelti (87,2%) og skólinn taki af festu á agavandamálum (85,4%). Enn neðar eru svör við spurningum um að foreldrar fái að vera virkir í tengslum við nám (54,9%), foreldrar fái að vera með í ákvörðunum er varða nám barnsins (78,3%) og fái að hafa nægileg áhrif á skólstarf barnsins (78,9%). Þá er ekki nægilega mikil ánægja með mótuneyti skólans. Þeir sem eru mjög sammála eða frekar sammála því að boðið sé upp



á hollan og góðan mat eru 63,3% og athugasemdir komu fram um að laga þyrfti eitt og annað varðandi hráefni, skipulag og vinnslu. Loks voru settar fram ýmsar athugasemdir um skólafélag almennt og fyrirkomulag könnunarinnar.

Í umfangsmikilli könnun (67 spurningar) sem lögð var fyrir kennara og leiðbeinendur í apríl 2008 kemur fjölmargt fram sem of langt yrði að telja hér.

Almennt eru kennarar á því að skólinn sé góður vinnustaður, áhersla sé lögð á jákvæð samskipti, fjölbreytni í kennsluaðferðum og áhugi sé á nýjungum og þróun starfshátta. Kennarar telja líðan nemenda góða og áhugi nemenda og námsmetnaður sé góður. Þá telja þeir samstarf við foreldra ánægjulegt og að foreldrar sýni skólafélaginu áhuga. Kennarar eru ekki eins jákvæðir gagnvart ytri þjónustuaðilum, t.d. skólaþróunarsviði HA og skólateymi fjölskyldudeilda. Þá telja þeir að bæta þurfi samskipti kennara og stjórnenda sem og stjórnun skólans almennt. Þegar er hafin vinna stjórnenda og kennara við úrbætur á þessum tveimur síðast töldu atriðum.

Almennir starfsmenn svöruðu 17 spurningum um Giljaskóla. Þeir eru allir mjög eða frekar sammála því að skólinn sé góður vinnustaður og starfsandinn góður. Langflestir telja samskipti starfsfólks og nemenda góð og að skólinn leggi áherslu á að starfsmenn séu nemendum gott fordæmi. Það sem kemur lakar út er að almennir starfsmenn séu þátttakendur í skólafélaginu og reynsla þeirra nýtt við skipulagningu þess. Þá telja þeir að aðgengi að upplýsingum gæti verið betra.

Kennarar svöruðu 17 spurninga könnun um Uppbyggingu í Giljaskóla skólaárið 2007 – 8 almennt jákvætt. 63,6% líkaði vel að vinna skv. stefnunni, 33,3% líkaði það þokkalega og 3% illa. Spurt var út í verkefni sem unnin eru og ýmis vinnubrögð en ekki er ástæða til að rekja svör varðandi þá þætti nánar. Kennarar svöruðu einnig 8 spurninga könnun um jafningjaráðgjöf á skólaárinu 2007 – 8. 72,7% þeirra líkaði vel að fá jafningja í heimsókn, 21,2% nokkuð vel og 6,1% sæmilega (enginn svaraði ekki vel). 67,7% líkaði vel að fara til jafningja, 20,6% nokkuð vel og 11,8% sæmilega (enginn svaraði ekki vel). Mönnum gekk almennt vel að ræða saman og spurningu um hvaða gagn væri að jafningjaráðgjöfinni svöruðu 42,4% mikið gagn, 45,5% nokkurt gagn og 12,1% frekar lítið gagn (enginn sagði ekkert gagn).

Frístund (skólavistun)

Frístund var starfrækt fyrir 1.- 4. bekk að loknum venjulegum skólatíma nemenda. Markmiðið er m.a. að sameina leik og uppeldisstarf eftir lok skólatíma. Lágmarkstími dvalar var 20 stundir á mánuði sem kostaði 4.040 kr. Síðdegishressing greiðist sérstaklega. Skráningu á dvalartíma þarf að ljúka fyrir 20. dag mánaðar á undan dvalartíma á matartorg.is. Í fyrra voru um 70 börn skráð að jafnaði. Starfsmenn voru fimm auk forstöðukonu Sigurlínu Sigurgeirsdóttur.

Á skólafrídögum og starfsdögum kennara var Frístund opin allan daginn. Í Frístund er áhersla lögð á frjálsan leik. Stundum var nemendum skipt í hópa og fóru



Vorhátíð í Frístund 2007



viðfangsefnin eftir hópstjórum. Áhersla er lögð á að umhverfið sé sem rólegast, mikið lesið, sungið, spjallað og fönðrað. Húsnæði Frístundar á fyrstu hæð skólans er notalegt og heimilislegt. Unnið var með gildi skólans og eftir Uppbyggingarstefnunni. Útivera var mikil og hópnum gjarnan skipt í tvennt til að gera andrúmsloftið notalegra. Heimanámsaðstoð var í boði fyrir 2.- 4.bekk. Fastar upptökur voru m.a. náttfataball, bíósýningar með poppi og vorhátíð með grilli. Í fyrri var 2. bekk boðið að taka þátt í svokölluðu *Fjölgreinafjóri*- samstarfsverkefni Akureyrarbæjar og íþróttafélaganna, en þá fóru börnin í Íþróttahús Síðuskóla þar sem þau gátu spreytt sig í ýmsum íþróttagreinum. Starfið í Frístund var gefandi og gott og fjölgar nemendum ár frá ári.

Félagsmiðstöðin Dimmuborgir

Félagsmiðstöðin Dimmuborgir er á sínu þriðja starfsári og því enn á byrjunarstigi. Dimmuborgir er ein af fjórum félagsmiðstöðvum bæjarins og heyrir undir Samfélags- og mannréttindadeild Akureyrarbæjar. Alfa Aradóttir er yfirmaður allra félagsmiðstöðvanna.

Í vetur var opið í Dimmuborgum á mánudags- og miðvikudagskvöldum milli 20:00 og 22:00 og til viðbótar var umsjónarmaðurinn í skólanum á miðvikudögum milli 10:00 og 12:00. Samvinna milli skóla og félagsmiðstöðvarinnar jókst mikið í vetur.

Áður var aðstaða félagsmiðstöðvarinnar í skólanum lokað unglíngunum á morgnana nema þegar starfsmaður Dimmuborga var í skólanum. Í vetur var tekin upp sú nýbreytni að skólinn fengi að nota aðstöðuna fyrir unglínga á daginn og er það starfsmaður skólans, Þórunn Sigurðardóttir, sem tók að sér umsjón svæðisins á skólatíma. Þetta gekk vel og hafa krakkarnir verið duglegir að nota Dimmuborgir á skólatíma sem hefur einnig skilað sér í auknum fjölda þeirra í kvöldstarfi Dimmuborga. Umsjónarmenn Dimmuborga eru Anna Þorsteinsdóttir, en þetta er annað starfsárið hennar, og aðstoðarmenn voru Karl Óðinn Guðmundsson fyrir áramót en eftir áramót Hrannar Ólafsson. Starfsmenn Dimmuborga leggja mikið upp úr því að það séu unglíngarnir sjálfir sem sjái um félagsmiðstöðina.

Í upphafi ársins voru fimmtán unglíngar valdir á starfslista og þeir sáu að mestu leyti um alla starfsemina sem fór fram á kvöldin. Starfslistinn sá um að koma með hugmyndir fyrir dagskrá, undirbúa og ganga frá eftir kvöldin og reka sjoppuna sem er opin á kvöldin. Starfsmenn Dimmuborga eru því fyrst og fremst unglíngum til stuðnings og aðalhalds en nýta sér þó aðstöðu sína til að miðla reynslu og fræðslu til unglínganna á óhefðbundinn hátt. Unglíngarnir sem valdir eru á starfslista gegna mikilvægu hlutverki í starfi Dimmuborga og starfslistinn í vetur stóð sig mjög vel. Einu launin sem þessir krakkar fá er þó ekki bara hrós og meiri vinna heldur fá þau að njóta ákveðinna forréttinda á viðburðum félagsmiðstöðvanna og Samfés.

Dimmuborgir unnu í nánú samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar í bænum og þar hafa margvíslegar breytingar orðið í vetur. Boðið var upp á klúbbastarf, útivistar-, bíó-, útvarps- og stelpuklúbb. Klúbbarnir gengu misvel og að sjálfsögðu margt sem má bæta fyrir næsta ár. Dimmuborgir er ung félagsmiðstöð og aðsókn að henni þokkaleg. Erfitt hefur hins vegar reynst að fá unglíngana til að taka þátt í starfi utan Dimmuborga. Helstu viðburðir sem boðið var upp á utan Dimmuborga í ár var landsmót Samfés í



Vestmannaeyjum, Samféshátíðin, söngkeppni Norðurlands á Húsavík, söngkeppni Akureyrar, spurningakeppni, starfslistaferð, böll, Furðuverk og að sjálfsögðu klúbbastarfið.

Heilsugæsla í Giljaskóla

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur Giljaskóla er Drífa Þorgrímsdóttir og skólalæknir var Þórir V. Þórisson.

Heilsugæsla í skólum er framhald ung- og smábarnaverndar. Starfsemi skólaheilsugæslu er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum er um hana gilda. Hún er meðal annars fólgin í reglulegum heilsufarsathugunum, ónæmisáðgerðum, heilbrigðisfræðslu og ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsfólks skólans.

Á heimasíðu Miðstöðvar heilsuverndar barna: <http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=24> má finna nánari upplýsingar um heilsugæslu í skólum.

Skólahjúkrunarfræðingur óskaði eftir samstarfi við skólastjórnendur, kennara, nemendur og foreldra frá árinu 2004- 2005 til þess að breyta áherslum í skólaheilsugæslunni. Til þess að það gæti gerst varð skyndi- og endurkomum nemenda til skólahjúkrunarfræðings að fækka. Þessi breyting var nauðsynleg til að skólahjúkrunarfræðingur gæti skipulagt vinnu sína betur, sinnt auknu fræðslu- og forvarnarstarfi, og tekið þátt í þverfaglegri vinnu, m.a. við nemendavernd, áfallateymi, eineltisteymi og tekið þátt í þverfaglegri ákvarðanatöku um úrvinnslu mála. Gott samstarf allra tókst og þær breytingar sem vonast var eftir gengu eftir. Helstu breytingar sem orðið hafa eru þessar:

Frá skólaárinu 2003 - 2004 hefur skyndi- og endurkomum nemenda fækkað. Þær voru um 35% af starfi skólahjúkrunarfræðings árið 2003 en um 13% skólaárið 2007-2008.

Fræðslu- og forvarnarstarf skólahjúkrunarfræðings hefur aukist um 24,5% en það var um 14,5% af starfi skólahjúkrunarfræðings skólaárið 2003 – 2004 en 39% skólaárið 2007-2008.

Samskipti skólahjúkrunarfræðings við foreldra hefur aukist lítillega eða um 3% svo og samskipti við aðra sem tengjast skóla- og heilsugæslusamfélaginu. Þau voru 8,8% af starfi skólahjúkrunarfræðings skólaárið 2003 – 2004 en 15,5% skólaárið 2007-2008.

Lyfjagjöfum hefur fækkað um 12,6% frá skólaárinu 2003 – 2004 til 2007 – 2008. Voru 17% af starfi skólahjúkrunarfræðings skólaárið 2003 – 2004 en 4,4% skólaárið 2007-2008.

Í þessari samantekt eru ekki tölur um samskipti við skólahjúkrunarfræðing sem verða til vegna tilmæla frá Landlækni, þ.e.a.s. tilmæli um skimanir og eftirlit sem felast m.a. í skoðunum hjúkrunarfræðings, læknisskoðunum og bólusetningum. Þetta eru eingöngu tölur um samskipti sem verða utan reglubundinna skimanna og eftirlits. Hér eru flúorskolanir þó ekki teknar með í reikninginn. Þess ber ennfremur að geta að hér eru samskiptin talin en ekki sá tími sem fór í þau.



Árgangar

1. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: 1. bekkur er einn námshópur. Nemendur eru alls 38, þar af eru 28 stelpur og 10 strákar.

Foreldrasamstarf: Samstarf við foreldra er töluvert. Í upphafi skólaársins voru öll heimili heimsótt, þar sem foreldrar og börn hittu kennara sína á heimavelli. Það er m.a. tilgangur heimsóknanna að auðvelda börnunum að koma í skólann. Kennarar höfðu einnig heimsótt börnin vorinu áður í leikskóla þeirra, þar sem leikskólakennarar miðluðu upplýsingum. Kynningarfundur var fyrir foreldra að hausti þar sem m.a. var rætt um foreldrasamstarf. Í lok fundar var boðið upp á súpu og létt spjall. Í ágúst, nóvember og janúar voru hefðbundin foreldraviðtöl í skóla. Tölvusamskipti eru þó nokkur, þar sem upplýsingakerfið Mentor er notað ásamt netpósti kennara. Fréttabréf 1. bekkjar fer heim hvern mánudag, þar er að finna upplýsingar til foreldra um bekkjarstarfið. Kennarar eru við til fjögur alla daga og er fólk frjálst að hringja hvenær sem er innan þess ramma.



1. bekkur í Hlíðarfelli

Sérkennsla: Engin eiginleg sérkennsla í 1. bekk en leitast er við að kenna nemendum miðað við stöðu þeirra og í misstórum hópum.

Þróunarstarf – Nýjungar – Sérverkefni:

Nemendur í sama námshóp en ekki skipt í bekk. Allir kennarar eru umsjónarkennarar og bera jafna ábyrgð á því sem fram fer. Einstaklingsmiðað nám. Þar sem nemendur eru metnir jafnt og þétt í námshópa. Hver nemandi er einstakur og markmið að hann fái að blómstra sem slíkur. Foreldrum er boðið upp á síðdegisspjall þar sem ýmis viðfangsefni í skólastarfinu eru kynnt eða rædd.

Samstarfi við leikskólana Kiðagil og Tröllaborgir er haldið áfram. Markmið þess er fyrst og fremst að auðvelda flutning leikskólabarna yfir í grunnskóla.

Uppbyggingarstefnan – Unnið er að því jafnt og þétt að efla bekkjaranda og stuðla að jákvæðu viðhorfi nemenda. Svokallaður bekkjarsáttmáli er gerður eftir umræður um reglur og mikilvægi þeirra.

Samvinna innan skólans:

Stuðlað er að samvinnu nemenda innan hópsins. Unnið er út frá ýmsum ólíkum þemum og á fjölbreyttan hátt. Vinabekkur 1. bekkjar er 6. bekkur.

2. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: Alls eru 43 börn í árganginum, stelpur 21 og strákar 22.

Foreldrasamstarf hefur aukist þennan veturinn. Fjögur formleg foreldraviðtöl, tvö að hausti og tvö að vori, námskynningarfundur að hausti, virk heimasíða, tölvupóstamskipti og símtöl. Jafnframt komu



foreldrar á kynningu á uppbyggingarstefnunni sem og kynningu á einstaklingsmiðuðum kennsluháttum. Foreldrar komu á sérstakan “Sýnismöppudag” í vor þar sem börnin sýndu foreldrum sínum valin verkefni. Foreldrar hafa einnig komið í foreldrakaffi og á kynningar eftir þemaverkefni. Foreldrasamstarf gengur heilt yfir mjög vel og foreldrar ánægðir. Foreldrar mættu þó alltaf vera sýnilegri í skólanum.

Sérkennsla: Sérkennsla hefur verið í höndum tveggja kennara, annar kemur inn í 5 kennslustundir í stærðfræði og hinn í 9 kennslustundir sem skiptast í 6 kennslustundir í íslensku og 3 kennslustundir í aðrar námsgreinar. Einnig er stuðningsfulltrúi í fullri stöðu í árganginum.

Þróunarstarf: Haldið hefur verið áfram með enskukennslu í vetur. Enskukennslan hefur gengið mjög vel. Börnin sýna miklar framfarir og eru mjög áhugasöm. Reynslan er það góð að draga má þá ályktun að enskukennslan nýtist þeim sem góður grunnur þegar formlegt enskunám hefst. Í vetur er einnig búið að vinna með þróunarverkefnið Hús fyrir alla og hefur það námsefni reynst mjög vel og hefur börnunum líkað sú vinna og hafa margar spurningar vaknað hjá þeim í sambandi við námsefnið.

Uppbyggingarstefnan: Unnið hefur verið með grunnþarfirnar, bekkjarandann, mitt og þitt hlutverk, skýr mörk, bekkjarreglur, T og Y spjöldin, gildi og fleira. Farið hefur verið mun dýpra í þessi atriði nú og hefur það skilað góðum árangri.

Samvinna: Í íslensku og stærðfræði hefur árganginum verið skipt í þrjá hópa og hefur það reynst mjög vel. Einnig hefur hópastarf verið einu sinni í viku þar sem árgangurinn skiptist í fjóra hópa. Í þessu hópastarfi fá þau heimilisfræðikennslu, tölvukennslu og danskennslu. Einnig myndmennta- og handmenntakennslu umfram það sem umsjónarkennarar veita. Hópastarfið er frábært.

Í september var alþjóðlegur tungumáladagur og unnu 2. og 3. bekkur saman ýmis verkefni tengdum honum.

2. og 3. bekkur unnu einnig saman söguaðferðarverkefnið úr Sögunni af bláa hnettinum í janúar til mars og var mikið samstaf þar á milli.

Vinabekkir hittust á haustdögum og áttu góðan dag saman í berjamó. Einnig komu vinabekkirnir og kynntu verkefni, sem nemendur höfðu unnið í vetur, fyrir nemendum í 2. bekk. Það væri æskilegt að efla þetta samstarf mun meira.

Sérstaða: Lestur er kenndur í gegnum ritun og ýmis þemaverkefni unnin í tengslum við það. Einnig hefur verið lögð talsverð áhersla á að samþætta markmið námsgreina og vinna þau í stuttum þemum. Með því að samþætta er átt við að vinna ýmis verkefni t.d. í náttúrufræði og tengja það íslenskukennslu og stærðfræðikennslu.

Helstu viðburðir: Árgangurinn hefur farið á tvær leiksýningar, heimsótt Minjasafnskirkju og Nonnahús, farið í kirkjuheimsókn á aðventunni, spilað á flautur á páskatónleikum og á útskriftartónleikum frá forskóla Tónlistarskólans í Gleráarkirkju. Einnig hefur árgangurinn farnið í aðrar ferðir svo sem á kaffihús og fleira. Allar ferðir með bekkina og árganginn í heild ganga afskaplega vel og hafa börnin verið til fyrirmyndar.

3. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: upphafi vetrar var 3. bekkur einn hópur með 45 nemendum. Hópnum var skipt upp í þrjá hópa í tveimur kennslustofum. Nemendunum var síðan skipt í þrjá hópa í íslensku



og stærðfræði eftir getu og vinnuhraða. Gekk það fyrirkomulag mjög vel fyrir sig. Á vorönn var hópnum síðan skipt upp í tvær bekkjardeildir með 44 nemendum. Í báðum bekkjardeildum eru 23 strákar og 21 stúlka. Í 3.EE eru 22 nemendur og í 3.TB eru líka 22 nemendur.

Foreldrasamstarf: Samstarf við foreldra gengur mjög vel. Góð mæting var á námskynningu í september ásamt foreldrafundi sem haldinn var í haust til þess að kynna fyrir foreldrum einstaklingsmiðað nám. Bekkjarskemmtanir og jólaföndur sem bekkjarfulltrúar héldu gekk vel. Einnig var mjög góð mæting á lokahóf Bláa hnattarins. Það voru uppákomur hér í skólanum í tvö skipti auk þess sem farið var á Hrafnagil í íþróttahúsið og í sund. Tölvusamskipti eru mikil ásamt virkri heimasíðu. Foreldraviðtöl hafa verið tvö auk þess sem boðið var upp á það þriðja. og nýttu sér það nokkrir. Fundað hefur svo verið reglulega vegna nemenda með einstaklingsnámskrár.

Sérkennsla. Í upphafi var lagt upp með það að engin sérkennsla yrði í 3. bekk. Við skiptum hópnum upp eftir getu og var sá hópur sem mesta námsaðstoð þurfti með fæsta nemendur og því meiri þjónusta við hann. Eftir að hóparnir urðu bara tveir eru 3 kennarar og 1 stuðningsfulltrúi sem vinna saman. Kennari tekur út hjá 3.TB og aðstoðar inni í bekk ásamt því sem kennari úr sérdeild kemur til að vera með einum nemanda. Í 3.EE er stuðningsfulltrúi inni allan skóladaginn. Í árganginum eru þó nokkrir nemendur sem þurfa sér- eða stuðningskennslu.

Þróunarstarf, nýjungar, sérverkefni. Einstaklingsmiðað nám hafa verið í hávegum hjá okkur. Áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og hjálpa þeim þaðan. Nemendur áforma á sig sjálfir vikuskammt í skólavinnu í íslensku og stærðfræði. Við leggjum líka áherslu á að vinna í ákveðnum þætti og svo er hann búinn. Í lok haustannar voru hefðbundin próf, líðan kannanir og sjálfsmat. Var námsmatið í hefti þar sem fram komu einkunnir, umsagnir og myndir úr skólastarfinu ásamt líðan könnunum og sjálfsmatinu. Á vorönn voru lagðar matsbækur fyrir í stað hefðbundinna prófa, en þá fá nemendur öll verkefni sem kanna á í einni bók og ráða sjálfir hvaða verkefni þeir vinna hverju sinni. Nemendur fengu matsbækurnar daglega í ákveðinn tíma í eina viku og eftir hvert skipti þegar kennari hafði safnað bókunum saman var viðgerðartími þar sem nemendur gátu leitað sér upplýsinga um atriði sem þeir höfðu ekki ráðið við í matsbókinni. Þannig varð námsmatið að námshvata þar sem nemendur voru duglegir að spyrja og leita upplýsinga sjálfir til að laga og bæta við daginn eftir í matsbókinni. Að lokinni þessari vinnu fengu nemendur lítið umsagnarhefti þar sem fram kom hvaða atriðum nemandinn hafði náð valdi á og hver þyrfti að æfa betur. Einnig var þar skrifleg umsögn um frammistöðu í matsbókarvinnunni. Þetta hefti var sent heim ásamt matsbókinni fyrir foreldra og nemendur til að skoða sameiginlega. Umsagnarheftið var til eignar fyrir nemendur en matsbókin kom aftur í skólann þar sem unnið var með hvern einstakling út frá hans hefti.

Uppbyggingarstefnan. Á haustdögum var rætt um mitt/þitt hlutverk kennara og nemenda. Í framhaldinu var gerður bekkjarsáttmáli og hann settur á vegg stofunnar og rifjaður upp reglulega. Þarfirnar voru teknar fyrir, myndskreyttar og þau listaverk fest upp. Annað var ekki unnið með beinlínis út frá uppbyggingarstefnunni en mörg verkefni henni tengd s.s. bekkjarfundir.

Samvinna: Mikil samvinna var milli bekkjardeilda og stundum opið á milli stofa.

Á Degi íslenskrar tungu var fjallað um ævi og störf Jóns Sveinssonar (Nonna) Unnið var verkefnahefti ásamt því að horfa á myndband um þá bræður með 1. og 2. bekk. Á þemadögum unnum árgangarnir saman auk þess sem að á 3. degi þemadaga var 1.2.og 3. í vinnu í blönduðum hópum.



Verkefnið “hvað gerir löggan” var unnið hér að miklum áhuga. Þau unnu verkefnið að miklum áhuga og vinnusemi. Lögð var áhersla á að þau myndu vinna þetta sjálf og að útkoman ætti að vera kynning á veggspjaldi sem sett var síðan upp í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi.

Vettvangsferðir og göngutúrar voru sameiginlegir. Á haustdögum fóru bekkirnir með vinabekkjum sínum, 8. bekk, í gönguferð út í Krossanesborgir og tíndu þar ber.

Sérstaða: Einstaklingsmiðað nám er sérstaða okkar ásamt mikillar samvinnu við sérdeild. Ýmsar skiptingar voru viðhafðar í skiptitímum. Kynjaskipt var í heimilisfræði, smíðum, myndmennt og tölvum en aðrar skiptingar í bókasafnstímum, tónmennt o.s.frv. Samvinna á milli bekkja var mikil.

4. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: Í fjórða bekk eru 43 börn, kynjahlutföll eru nokkuð jöfn eða 20 drengir og 23 stúlkur. Eru þetta tveir bekkir/námshópar og tveir umsjónarkennarar sem vinna saman með báða hópa. Kennara skipti urðu um mánaðamótin janúar – febrúar.

Á haustdögum skólans fóru bekkirnir með vinabekkjum sínum 9. bekk, í berjamót í Krossanes, var veður með besta móti en berjatínslan ekki eins góð.

Í lok október var þemavika í skólanum. Afríka var tekin fyrir í ýmsum verkefnum og myndum. Meðal annars fengu allir kennslu í Afródansi.

Á Degi íslenskrar tungu sýndu bekkirnir atriði sem var unnið upp úr Nonna og Manna þáttunum, það krafðist danskunnáttu og voru stífar æfingar í nokkra daga fyrir sýningu. Á fullveldisdaginn mættu allir á sal klæddir í fánalitina og sungu saman ættjarðarlög. Árhátíðin var svo haldin um miðjan apríl og sýndu krakkarnir þar dansatriði úr söngleiknum Grease.

Heimavinnupakki fer heim á föstudögum og skal skilað á fimmtudegi tæpri viku seinna. Fyrir áramót fylgdi útprentun úr mentor heimavinnunni en eftir áramót þá var ákveðið að hætta með pappír og láta foreldra um að finna heimavinnuáætlunina inni á mentor.is. Á föstudögum er sendur tölvupóstur til foreldra með upplýsingum um hvernig hefur gengið í vikunni og hvað sé framundan. Eftir að Unnur tók til starfa í 4. bekk lifnaði heimasíða bekkjanna við og er hægt að nálgast allar upplýsingar inn á bekkjavefnum.

Tölvusamskipti við foreldra hafa verið mjög góð í vetur og einnig hafa nokkrir foreldrar komið í viðtöl að eigin frumkvæði eða okkar.

Foreldrar hafa verið duglegir við að koma á þá atburði sem hefur verið boðið upp á. Góð mæting var á námsefnakynninguna í september og fín mæting á kynninguna um uppbyggingarstefnuna sem krakkarnir sáu um. Einnig voru foreldrar duglegir að koma með gæludýr nemendanna á gæludýradaginn, voru þeir þó töluvert duglegri í öðrum bekknum. Einnig voru aðrir atburðir vel sóttir.

Sérkennsla: Árgangurinn fékk litla sem enga sérkennslu fyrr en um miðjan nóvember. Þá fengum við sérkennara til okkar í 10 tíma á viku.

Samræmdu prófin voru þreytt um miðjan október og komu bekkirnir þokkalega út úr þeim, voru reyndar aðeins undir meðallagi.

Nemendur eru vanir einstaklingsmiðun í námi, samvinnu og fjölbreyttum vinnubrögðum.

Matsbækur voru lagðar fyrir í stað hefðbundinna prófa á haustönn. Þá fá nemendur öll verkefni sem kanna á í einni bók og ráða sjálfir hvaða verkefni þeir vinna hverju sinni. Nemendur fengu



matsbækurnar daglega í ákveðinn tíma í eina viku og eftir hvert skipti þegar kennari hafði safnað bókunum saman var viðgerðartími þar sem nemendur gátu leitað sér upplýsinga um atriði sem þeir höfðu ekki ráðið við í matsbókinni. Þannig varð námsmátið að námshvata þar sem nemendur voru duglegir að spyrja og leita upplýsinga sjálfir til að laga og bæta við daginn eftir í matsbókinni.

Á vorönninni voru haldnar venjulegar kannanir og vorpróf.

Á haustönninni voru teknar þrjár vikur í lestrarátak sem endaði svo með uppskeruhátíð. Á vorönninni var sett af stað lestrarátak frá 1. febrúar og stóð það þar til í maí endaði það átak líka með uppskeruhátíð. Þetta átak leiddi af sér miklar framfarir.

Mikil samvinna var á milli bekkja og stundum opið á milli stofa, eða öllum nemendum smalað saman í aðra stofuna til að gera eitthvað skemmtilegt eins og að horfa á Nonna og Manna þættina eða æfa fyrir uppákomur á sal.

5. bekkur

Í 5. bekk eru tvær bekkjardeildir með 37 nemendur, 23 drengir og 14 stúlkur.

Sérkennari hefur tekið nemendur út úr bekkjunum í íslensku- og stærðfræðihópa auk þess sem þeir hafa oft fengið aðlagað námsefni.

Foreldrasamstarf fer mikið fram í gengum tölvupóst og Mentor. Almennt hafa samskipti við foreldra gengið vel. Mentor og skólakompan voru notuð fyrir heimavinnuáætlanir.

Misjafnt er milli bekkja hvort kennt er í þemalotum eða ekki en oft er áhersla á hópavinnu.

5. bekkur er vinabekkur 10. bekkjar og byrjuðum við haustið á því að fara í lystigarðinn í leiki þar sem 10. bekkur stjórnaði.

Sumir dagar byrja á lestrarstund/skriftarstund en með því viljum við ýta undir að nemendur lesi sér til ánægju og bæti færni sína í skrift. Í ljóðum og ljóðagerð eru nemendur kynntir fyrir ýmsum höfundum og ýmsum ljóðaformum. Þau læra ljóð eftir aðra höfunda og semja sín eigin ljóð.

Við reynum að hafa uppbyggingarstefnuna að leiðarljósi í öllum samskiptum innan bekkjarins auk þess sem notaðir eru bekkjarfundir á eins til tveggja vikna fresti. Bæði stefnan og bekkjarfundirnir hafa reynst vel og nýtast til að leysa úr ýmsum málum.

6. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: Í 6. bekk eru tvær bekkjardeildir með 36 nemendur, 20 drengir og 16 stúlkur.

Sérkennsla: Sérkennari hefur tekið nemendur út úr bekkjunum í íslenskutíma. Bekkjunum er skipt í þrjá hópa í stærðfræði eftir getu.

Foreldrasamstarf: Samskipti við foreldra fara mikið fram í gengum tölvupóst og Mentor. Almennt hafa samskipti við foreldra gengið mjög vel. Mentor og skólakompan notuð fyrir heimavinnuáætlanir.

Þróunarstarf – Nýjungar – Sérverkefni: Í samfélagsfræði er alltaf stórt verkefni í gangi þar sem hópavinna er aðalmálið. Við höfum farið þá leið að hafa bekkina bæði sér og einnig saman. Þá höfum við blandað innan hópsins úr hvorum bekk. Í náttúrufræði hefur verið leitast eftir að hafa fjölbreyttar kennsluáferðir.



Í lok hvers verkefnis er haldin kynning þar sem nemendur kynna og sýna verk sín fyrir foreldra. Þetta hefur verið mjög gaman og hollt fyrir börnin. Við leggjum mikla áherslu á lestur og að nemendur lesi sér til ánægju. Við höfum lagt áherslu á ritun í vetur, þar sem nemendum vinna ýmis verkefni. Oft lesa nemendur verkin sín upp fyrir bekkjarfélagi. Í vetur var bókin Benjamín dúfa lesin og unnin ritgerð úr henni ásamt fleiri verkefnum.

Uppbyggingarstefnan: Við vinnum með uppbyggingarstefnu í ákveðnum verkefnum og reynum að hafa hana að leiðarljósi í öllum samskiptum innan árgangsins. Okkar mat er að þessi stefna hentar okkur vel og munum nýta okkur margt úr henni í framtíðinni.

Samvinna innan skólans: 6. bekkur er vinabekkur 1. bekkjar og við byrjuðum haustið á hjólaferð í Kjarnaskóg en ekkert meira hefur orðið úr því samstarfi.

Mikill samgangur er á milli bekkjanna. Flestar vettvangsferðir eru farnar sameiginlega. Félagslega eru hóparnir tengdir.

7. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: Fjöldi nemenda í árgangi er 38. Sem skiptist í tvo bekki, 19 nemendur í RK bekknum með 9 drengir og 10 stúlkur og 19 nemendur í EEB bekknum. Kynjahlutfall þar er 10 stúlkur og 9 drengir.

Foreldrasamstarf: Í EEB bekknum hafa nokkrir foreldrar staðið fyrir balli. Þetta ball var liður í fjáröflun fyrir Reykjaferðina. Í RK bekknum hafa foreldrar ekki staðið fyrir neinni upptöku. Um miðjan apríl fór 7. bekkur að Reykjum.

Sérkennsla: Í árganginum eru 9 sérkennslutímar sem Lára Gunndís sér um.

Þróunarstarf – nýjungar – sérverkefni: Í fyrra tók árgangurinn þátt í þróunarverkefni með Minjasafninu tengt uppgreftinum að Gásum. Í haust fékk Minjasafnið muni nemenda lánaða til að setja upp sýningu. Minjasafnið bauð nemendum að koma og sjá sýninguna og var boðið upp á veitingar.

Í árganginum eru reglulega bekkjarfundir til að auka jákvæð samskipti á milli nemenda. Engin kynjaskipting í íþróttum en kynjaskipt er í handmennt, heimilisfræði, myndmennt, smíðum, tölvum og bókasafnstímum og reynsla kennara af þessu verið mjög góð.

Engin sérstök verkefni í gangi á milli bekkja í árganginum

Samvinna innan skólans: Á haustdögum fóru vinabekkirnir saman í berjamó fyrir ofan Urðargil. 7 bekkur hefur verið að læra um líkama mannsins. Nemendur útbjuggu kynningu fyrir vinabekkinn þar sem þeir notuðu glæsur, líkón, myndbönd o.fl.

Uppbyggingarstefnan: Bekkjarsáttmáli gerður. Farið í mitt hlutverk og þitt hlutverk. Unnið vel með þarfirnar og nemendur kynntu fyrir foreldrum hvernig þeir uppfylla þessar þarfir.

8. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: Í 8. bekk eru 33 nemendur, 17 stúlkur og 16 piltar.

Foreldrasamstarf: Foreldrasamstarf hófst á heimsóknnum kennara heim til allra foreldra og hefur svo farið fram að mestu með tölvupóstum og símtölum, sem og á foreldraviðtalsdögum. Einn fundur var haldinn með öllum foreldrum á vorönn þar sem sálfræðingur og geðlæknir voru fengnir til að ræða um tölvufíkn og unglingsárin. Einnig hafa verið haldnir nokkrir fundir um agamál með einstaka foreldrum.



Sérkennsla: Sérkennari kemur inn í tíma hjá bekknum og hjálpar nemendum með lesblindu og einnig öðrum hægfara nemendum. Þá fá þessir nemendur aðstoð í prófum hjá sérkennara.

Þróunarstarf – nýjungar – sérverkefni: Bekkurinn hefir tekið þátt í keppninni reyklus bekkur.

Í 8.KJ hafa verið haldnir kynjaskiptir bekkjarfundir í lífsleikni. Þessi leið var farin til að þjappa stúlknaþópnum saman og bæta samskipti drengja og hefur það gefist vel.

Kynjaskipt er í íþróttum. Íþróttakennarar hafa talað um að fjarvistum hafi fækkað hjá báðum kynjum, líðan nemenda sé greinilega betri og kennslufriður sé mun meiri.

Uppbyggingarstefnan: Í uppbyggingarstefnunni var unnið með þarfahringinn og gerður bekkjarsáttmáli.

Samvinna innan skólans: Vinabekkjardagur var mjög vel heppnaður, farið var að Krossanesborgum í berjamó með 2. bekk. Veður var hið besta og mikið af berjum í móunum. Á Degi íslenskrar tungu hittu nemendur úr 8. bekk jafnaldra sína úr hinum grunnskólum bæjarins þar sem flutt voru atriði til heiðurs Jónasi Hallgrímssyni. Jónas átti 200 ára fæðingarafmæli þennan dag og því var dagskráin að öllu leyti



Stúlkur í 8. BKÓ í myndmennt

tileinkuð honum og lífshlaupi hans. Á fullveldisdaginn, þann 1. desember, var fánafatadagur í Giljaskóla. Nemendur 8. bekkjar komu þá klæddir í fánalitunum þremur, eins og reyndar aðrir nemendur skólans og starfsmenn. Eins var dagskrá á sal skólans þar sem rifjaðir voru upp atburðir fullveldisdagsins 1918 og nokkur ættjarðarlög sungin.

Geysiskemmtileg keppni í þrautalausnum fór fram á Degi stærðfræðinnar og var öll forvinna þar með ágætum. Sigurlið fengu svo vegleg verðlaun.

Kvikmyndadagar gengu með ágætum og urðu til 6 afar góðar stuttmyndir. Þessar myndir vor sýndar á árshátíð og sérstök árshátíðarsýning fyrir unglíngastig gekk með miklum ágætum. Þeirri sýningu lauk með hefðbundinni verðlaunaafhendingu eftir að leiklistarval hafði flutt stórskemmtilegt leikrit. Dansleikur var haldinn síðar sama kvöld.

Aðrir atburðir s.s. litlu jól voru með hefðbundnu sniði.

9. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: Skólaárið 2007 – 2008 sátu 29 nemendur í 9. bekk í Giljaskóla í tveimur bekkjardeildum. Þar af voru drengir 18 og stúlkur 11.

Foreldrasamstarf: Foreldrasamstarf var hvoru tveggja hefðbundið og tæknivætt í senn. Hefðbundin foreldraviðtöl fóru fram bæði að hausti og vori auk þess sem námsefniskynning var haldin í lok ágúst. Umsjónarkennarar buðu einnig upp á þann kost að hafa samband rafrænt með tölvupósti sem og símleiðis. Ástundun nemenda hefur verið send heim vikulega, eða á tveggja vikna fresti og hafa þeim á stundum fylgt skilaboð frá kennara.

Mentorkerfið hefur verið nýtt til að leggja fyrir heimanám og halda utan um einkunnargjöf en foreldrar hafa aðgang að því kerfi og geta með því fylgst með námsframvindu sinna barna. Foreldraráð var kosið að hausti og hefur það staðið fyrir uppákomum.



Sérkennsla: Þrír nemendur í árganginum njóta sérkennslu en það er þó mismikið eftir einstaklingum og námsgreinum. Allir fá þeir einhvern stuðning sérkennara inni í bekkjartímum en einn fær einnig sérstaka tíma utan bekkjarins.

Nám og kennsla: Nám og kennsla þarf ávallt að vera í stöðugri endurnýjun og framþróun og þannig bætist á hverju ári eitthvað nýtt við námsefni árganga og annað og úrelt fellur úr gildi. Í vetur sem og síðustu vetur hefur farið fram mikil endurnýjun á námsefni unglíngastígs, m.a. í ensku, dönsku, stærðfræði og íslensku og kennarar hafa meðal annars verið að vinna að aðlögun þess efnis að nemendum og námskrá.

Umsjónarkennarar árgangsins hafa yfirleitt fundað vikulega um stöðu hans, stefnu og framfarir. Þessi samvinna hefur mikið til verið á vettvangi lífsleikni en einnig hafa kennsluaðferðir, verkefni og vinnulag verið til umfjöllunar. Kennarar annarra greina hafa verið duglegir að veita upplýsingum til umsjónarkennara þó svo að ekki hafi verið skipulagðir fundir allra kennara árgangsins en þó ber að geta þess að reglulegir deildarfundir gegna einnig því hlutverki að stuðla að samvinnu innan hvers árgangs.

Samvinna innan skólans: Vinabekkur 9. bekkjar er 4. bekkur og í haust var haldinn sérstakur vinabekkjadagur og fóru þá bekkirnir saman í göngutúr og berjamó og sumir vöknudðu meira en aðrir.

Umsjónarkennarar í 9. bekk hafa einnig litið við í kennslustundir hvor hjá öðrum, fylgst með, aðstoðað og veitt hvor öðrum faglegar ráðleggingar.

Á unglíngastigi hefur verið kynjaskipt í íþróttum og á móti hefur verið kennd enska. Eftir brösóttu byrjun hafa þessir tímar gengið æ betur og nýtast núorðið vel til ýmissar vinnu.

Nemendur 9. bekkjar tóku virkan þátt í degi íslenskrar tungu, í mars var farið á skíði í Hlíðarfjalli.

Uppbyggingarstefnan: Markvisst hefur verið unnið samkvæmt uppbyggingarstefnunni og kennsluhættir miðaðir að henni, eins hafa kennarar árgangsins tileinkað sér aðferðarfræði stefnunnar við úrlausn deilumála sem upp hafa komið. Einstök verkefni hafa verið unnin útfrá uppbyggingarstefnunni eða framkvæmd þeirra útfærð með hana til hliðsjónar. Má þar meðal annars nefna gerð bekkjarsáttmála, vinnu með þarfir og þarfahring og hlutverkaplakata þar sem kafað hefur verið í hlutverk nemenda og annarra innan skólans, ábyrgð, verkefni, skyldur og réttindi þeirra.

10. bekkur

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: Nemendur eru 34 talsins, 12 drengir og 24 stúlkur.

Foreldrasamstarf: Foreldrasamstarf hefur verið með þeim að um haustdaga var haldin fundur með öllum foreldrum og línur lagðar um fjáröflun vetrarins. Einn fundur hefur verið haldinn í sambandi við fjáröflun með foreldrum. Kennari hefur einnig haldið fundi með foreldrafulltrúum um framkvæmd vegna kaffihlaðborðs á árhátíð skólans. Önnur samskipti hafa farið fram á mentor og með tölvupósti og hafa þau verið talsverð.

Sérkennsla: Sérkennsla hefur verið í höndum sérkennara sem sinnir tveim nemendum í sex tíma á viku utan kennslustofu. Auk þess eru fjórir nemendur sem fá aðstoð í einstaka tímum og við próftöku.



Þróunarstarf – nýjungar - sérverkefni

Ef hægt er að tala um sérverkefni má nefna fjáröflun 10. bekkinga en þeir fara í veglega vorferð á vordögum. Veturinn fer í að safna fé til fararinnar og halda nemendur ein 6 böll ásamt því að halda bingó, kökuhlaðborð, selja salernisrúllur og fleira í þeim dúr.

Samvinna inna skóla: Samvinna innan skóla hefur verið með þeim hætti að svokallaðir vinabekkir eru starfræktir og eru 10. bekkur og 5. bekkur vina bekkir. Í haust var farið í gönguferð í Lystigarðinn, þar voru settar upp fimm stöðvar, m.a. golf, fótbolti, leikjastöð, boltaleikir og ein stöð með gömlum barnaleikjum. Í lokinn var svo arkað í Brynju og keyptur ís.

Sérstaða

Kynjaskipting í íþróttum Í vetur eins og í fyrra var kynjaskipt í íþróttum hjá 8.-10. bekk. Einnig var kynjaskipt í sundi í vetur hjá 8.-10. bekk, í fyrsta sinn. Íþróttakennarar eru sammála um að bæði í íþrótt- og í sundkennslu sé þetta fyrirkomulag að reynast mjög vel. Því til staðfestingar má nefna að fjarvistum hefur fækkað hjá báðum kynjum, líðan nemenda er greinilega betri og kennslufriður er mun meiri, þar sem meiri ró er yfir nemendum.

Stuttmyndadagar nemenda á unglingsstigi fara fram ár hvert. Þar spreyta nemendur sig á því að vinna stuttmyndir frá grunni. Veitt eru verðlaun m.a. fyrir. handritagerð, leikstjórn, myndataka, leikmynda- og búningagerð á árshátíð skólans.

Uppbyggingarstefna: Eftir vel heppnaða námsferð til Minneapolis hefur uppbyggingarstefnan verið í hávegum höfð.

Sérdeild

Fjöldi nemenda og kynjaskipting: Í sérdeild eru skráðir 5 nemendur, 3 stúlkur (f. árið 2000, 1999 og 1994) og 2 drengir (f. 1994 og 1992).

Foreldrasamstarf: Fastir foreldrafundir eru þrisvar á skólaárinu, fundartímar eru áætlaðir 40 - 60 mínútur. Fundað er á sex vikna fresti vegna sumra nemenda.

Að hausti er haldinn námskynningarfundur fyrir foreldra.

Dagleg samskipti eru við foreldra með skrifum í samskiptabækur sem fylgja öllum nemendum og einnig hafa foreldrar og kennarar mikið samband í gegnum síma og með tölvupósti.

Sérkennsla: Öll kennsla í sérdeild er skilgreind sem sérkennsla og öllum nemendum því kennt samkvæmt einstaklingsnámskrám

Þróunarstarf - nýjungar - sérverkefni: Í fyrsta sinn í fyrravetur var nemandi f. 1992 boðið upp á 2 valgreinar, horft var til áhugasviðs nemandans í samráði við foreldra. Mikil ánægja var með þessa nýjung, vel tókst til og er áframhald á kennslu í sömu valgreinum í vetur.



Náttúrufræði hjá 10. bekk



Tengsl og skipulag: Gert er ráð fyrir að allir nemendur sérdeildar hafi tengsl við bekkjardeild í sama árgangi (tengslabekk). Í vetur hafa þó 2 nemendur (f.1992 og f.1994) enga tengslátíma við sinn bekk.

Sérstaða: Einum nemanda (f.1999) skráðum í sérdeild, er eingöngu kennt inni í 3.TB. Þetta er breyting frá fyrra ári. Kennari frá sérdeild sér um einstaklingskennslu þessa nemenda.

Nemandi í 9. bekk fær hluta af sinni kennslu frá kennurum sérdeildar. Einn nemandi sérdeildar (f. 2000) kemur frá nágrannasveitarfélagi.

Vatnsþjálfun og sundkennsla fer fram í þjálfunarlauginni í Kristnesi tvisvar sinnum í viku. Sjúkraþjálfari sér um þjálfun nemendanna með aðstoð kennara. Aðstaðan í Kristnesi og kennslufyrirkomulag þar hentar þessum nemendahópi sérstaklega vel.



Árshátíðaratriði sérdeildar

Uppbyggingarstefna: Kennarar sérdeildar hafa tekið þátt í fræðslu og sameiginlegri vinnu um uppbyggingarstefnuna, þó segja megi að uppbyggingarstefnan nýtist ekki beint innan sérdeildar og er þá aðallega átt við þátttöku nemenda.



Faggreinar

Heimilisfræði 1. - 8. bekkur og val

Unnið var eftir markmiðum aðalnámskrár í öllum árgöngum. Í 1. bekk er lögð áhersla á að kynna helstu eldhúsáhöldum og umgengni í eldhúsi. Lögð áhersla á hreinlæti og góð vinnubrögð. Nemendur útbjuggu einfalda rétti úr ávöxtum og grænmeti, hnoðuðu og hrærðu deig, bökuðu úr gerdegi. Fjallað var um hvaðan maturinn kemur og mun á hollum og óhollum mat.

Í 2. bekk er lögð áhersla á fæðuhringinn og nemendur lærðu að flokka fæðutegundir. Einnig var fjallað um tannhirðu og drykkjarvörur með sykurmagn í huga. Útbúnir voru einfaldir réttir og salöt þar sem nemendur fengu þjálfun í að vinna eftir uppskriftum. Einnig bökuðu nemendur og kynntust muninum á lífandi geri og lyftidufti. Þá voru unnin bókleg verkefni í Holt og gott fyrir annan bekk.

Í 3. bekk er lögð áhersla á morgunverð og mikilvægi hans. Einnig á mjólkurflokk og hvað við eigum mikið af góðum mjólkurvörum en þurfum að líta eftir sykurmagninu þegar við kaupum inn. Nemendur elduðu léttu rétti og bökuðu bæði úr hnoðuðu og hrærðu deigi. Þeir fengu þjálfun í að vinna sjálfstætt eftir uppskrift og áhersla lögð á hreinlæti og umgengni. Unnin voru bókleg verkefni í Holt og gott fyrir þriðja bekk.

Í 4. bekk er lögð áhersla á kornflokk. Mikið er unnið í bakstri, flestar bakstursaðferðir þjálfaðar. Einnig eru útbúnir einfaldir réttir. Unnin eru verkefni úr Holt og gott fyrir 4. bekk, verkefni tengd fæðuhring, hollustu og heilbrigðu lífni. Nemendum er kynnt meðferð einfaldra heimilistækja.

Í 5. bekk er lögð áhersla á grænmetis og ávaxtaflokk. Nemendur fengu þjálfun í að útbúa einfalda rétti eftir manneldismarkmiðum. Bakstursaðferðir voru þjálfaðar ásamt einfaldari matreiðsluaðferðum. Nemendur í 5. bekk koma hálfsmánaðarlega í verklega heimilisfræði allan veturinn.

Í bóklegri heimilisfræði er áhersla á fæðuhringinn, hollustu og heilbrigði. Dálítið fjallað um meðferð fatnaðar. Umfjöllun var um umhverfisvernd og vettvangsferð var í Síðuskóla að skoða endurvinnslu og meðferð sorps þar. Nemendur fengu eina kennslustund á viku í bóklegri heimilisfræði.

Í 6. bekk er lögð áhersla á kjöt og fiskflokk. Nemendur fengu þjálfun í að matreiða rétti úr þeim flokki. Æfðar voru helstu bakstursaðferðir og fjölbreyttar matreiðsluaðferðir kynntar. Í apríl fór 6. bekkur í heimsókn á Minjasafnið og í Nonnahús til að kynna sér meðferð og geymslu matvæla fyrr á tímum, en fyrir því er hefð á Akureyri.

Í bóklegum tímum var byrjað að kynna nemendum næringarfræði og hvað orkuefnin eru, einnig farið í umhverfisvernd, hagsýni og sparnað. Nemendum þykir vinna með næringarefnaöflur ekki áhugavekjandi

Í 7. bekk er farið dýpra í næringarfræði í bóklegum tímum, oft eru umræður góðar og gagnlegar fyrir nemendur. Þó væri nóg að hafa bóklega tíma aðeins hálfan veturinn eða tengja tímann við verklega tíma. Í verklegum tímum þjálfast nemendur í mismunandi matreiðslu og ætlast er til að þeir þekki mun á mismunandi bakstursaðferðum. Í þessum tímum finnst nemendum oft gaman og eru áhugasamir.

Í 8. bekk er lögð áhersla á flóknari og fjölbreyttari matargerð en áður. Nemendur fengu að vinna með fjölbreytt hráefni ásamt því að erlend matargerð er kynnt. Þá er einnig áhersla á að nemendur þekki



helstu bakstursaðferðir og þær þjáfaðar. Notaðar hafa verið uppskriftir fyrir unglingastig sem er nýlegt námsefni ásamt ýmsum öðrum uppskriftum. Reynt er að hafa verkefni hagnýt þ.e. eitthvað sem nemendur geta nýtt sér við dagleg störf heima.

Val: Heimilisfræðival er nær eingöngu verklegt nám þar sem leitast var við auka víðsýni nemenda. Það var gert með því að kynna nemendur ólíkt fæði í heiminum og leyfa þeim að prófa að matreiða rétti frá ýmsum löndum. Einnig var þeim kynnt ólíkt fæði og hráefni. Grænmetisfæði og sérþæði vegna sjúkdóma skoðað og prófað. Nemendur æfðu sig í að skipta út hráefnum í uppskriftum t.d. spelt í stað hveitis, einnig prófuðu þeir hvað er hægt að nota þegar ofnæmi er til staðar fyrir eggjum eða mjólkurvörum. Nemendur í valhóp notuðu einnig nokkrar kennslustundir til undirbúnings árs hátíðar. Bakaðar voru tertur fyrir kaffihlaðborð og hátíðarkvöldverður undirbúinn. Að venju var bakað fyrir dag íslenskrar tungu, 16. nóvember.

Smíðar 3. - 8. bekkur

Þriðja og fjórða bekk var skipt í 4 hópa. Hóparnir í 3. bekk voru kynjaskiptir en blandaðir í 4. bekk. Hver hópur kom hálfsmánaðarlega og var í tvær kennslustundir í senn. Þetta er fyrirkomulag sem er nú notað þriðja árið í röð gengur, en er ekki hentugt, æskilegra væri að hafa komur þéttari. Með þessu móti er erfiðara að kynnast börnunum nægjanlega sem gerir alla skráningu ótryggari. Of oft gleymist mætingaskráning vegna áhuga nemenda. Nemendur muna ekki hvar þeir voru staddir á verki þegar þeir koma næst, hvað þá kennarinn. Þetta torveldar góðan undirbúning sem oft er mikilvægur vegna persónulegra þarfa nemenda.

Í 5. og 6. bekk var hvorum árgangi fyrir sig skipt í þrjá kynjablandaða hópa sem deilast á þrjár annir. Hver hópur fær 3 kennslustundir á viku, 2 sinnum 1,5 kennslustund, eina önn hver hópur. Þetta fyrirkomulag kemur vel út, vinnan er samfelld og auðvelt að fylgjast með framvindu hjá hverjum og einum.

Tveir bekkir 20 + 19 nemendur eru í 7. árgangi báðum skipt í tvo kynjaskipta hópa. Hver hópur fær tvær kennslustundir samfelldar á viku hálfan vetur. Þetta kemur vel út, hópastærð góð og vinnusemi er almennt góð.

Tveir bekkir alls 35 nemendur eru í 8. árgangi. Árganginum er skipt í þrjá kynjablandaða hópa. Hver hópur fær þrjár kennslustundir samfelldar á viku í eina önn hver. Þetta kemur vel út. Frímínútur eru teknar fyrir síðasta tíma en það tefur lítið. Nemendur fá sama verkefni í byrjun en eftir það er farið eftir áhugamálum hvers og eins innan skynsamlegra marka.

Segja má að allir nemendur fái einstaklingsmiðaða kennslu í smíðum. Allir fá sömu verkefni en vinna þau á mismunandi hátt eftir getu og/eða smekk og stöðugt er leitað nýrra leiða.

Textílmennt 4. - 7. bekkur

Bekkjunum tveimur í 4. árgangi er skipt í 2 hópa hvorum. Hver hópur kemur hálfsmánaðarlega tvær kennslustundir í senn allan veturinn. Hópastærðin er viðunandi. Þetta fyrirkomulag hentar mjög vel bæði hvað vantar skipulag og innkaup á efni. Hóparnir fylgjast nokkurn veginn að í verkefnunum og því auðvelt að hafa yfirsýn. Allir fá sömu verkefni en gefa þeim persónulega stíl með því að velja sjálf



litasamsetningar. Í upphafi nýs verkefnis fá nemendur hópinnlögn síðan einstaklingskennslu eftir þörfum.

Bæði 5. og 6. árgangi er skipt í þrjá kynjablandaða hópa sem deilast á þrjár annir. Hver hópur fær þrjár kennslustundir á viku, 1 1/2 kennslustund í senn 1/3 af vetrinum. Þetta fyrirkomulag kemur mjög vel út. Vinnan er samfelld og yfirsýnin góð auk þess sem þau hafa áhuga og úthald allan tímann. Allir fá sömu verkefni en gefa þeim persónulega stíl með því að velja sjálf litasamsetningar. Í upphafi nýs verkefnis fá nemendur hópinnlögn síðan einstaklingskennslu eftir þörfum.

Báðum bekkjum í 7. árgangi er skipt í tvo hópa eftir kynjum. Þetta fyrirkomulag kemur mjög vel út og býður uppá öðruvísi val á verkefnum. Hópastærð er mjög góð. Allir fá sömu verkefni en gefa þeim persónulega stíl með því að velja sjálf litasamsetningar. Í upphafi nýs verkefnis fá nemendur hópinnlögn síðan einstaklingskennslu eftir þörfum.

Í öllum árgöngum er leitast við að hafa verkefnin við hæfi hvers aldurhóps og hafður stígangi í þeim milli árganga. Reynt er að hafa verkefni sem höfða til nemenda og nota efni og aðferðir sem eru ný á hverjum tíma.

Marimbakennsla

Giljaskóli keypti Marimba hljóðfæri haustið 2007. Ákveðið var að kaupa slíkt sett við skólann því bæta þurfti við skólahljóðfærum í tónmenntastofuna. Tónmenntakennari skólans hafði kynnst þessum hljóðfærum á námskeiði á Húsavík og í Hafralækjarskóla. Hljóðfærin komu mjög vel með farin frá Noregi en Marimbur eru upprunalega frá Suður – Afríku og handgerðar þar.

Kennsla á Marimba trommurnar, sem eru sjö talsins, hófst á miðstigi um leið og þær komu. Þó fengu allir nemendur skólans að prófa hljóðfærin og vakti það mikla lukku. Strax fyrstu vikuna náði unglingshópur í 10. bekk góðum tókum á hljóðfærunum og lærði sitt fyrsta lag á um 10 mínútum. Kallað var á skólastjórnann til að hlusta og allir viðstaddir voru svakalega stoltir af fyrsta laginu sem búið var að koma saman.

Marimbakennslan hefur verið mjög vinsæl og flestir nemendur alsælir að fá að læra á hljóðfærin. Þarna fá allir nemendur skólans tækifæri til að læra á hljóðfæri sem þeir annars myndu ef til vill ekki eiga möguleika á. Kennslufyrirkomulagið er óvenjulegt því börn kenna börnum. Kennari er til aðstoðar á hliðarlínunni og hjálpar til þegar þörf er á.

Giljaskóli tók þátt í að fá tvo marimbaleikara frá Svíþjóð til þess að kenna nemendum skólans nokkur

ný lög. Oddeyrarskólanemendum var boðið að taka þátt þar sem slík hljóðfæri eru einnig til þar. Kennarar sem verið höfðu nokkra daga í Hafralækjarskóla og Borgarhólsskóla á Húsavík, voru fengnir hingað í nokkrar klukkustundir. Krakkarnir voru til fyrirmyndar og tókst námskeiðið mjög vel.

Til þess að halda áhuga nemenda og kennara eru slíkar heimsóknir nauðsynlegar. Ekki er ætlast til af kennara að fá nótur lánaðar frá öðrum skólum og kenna þær, heldur að nemendur læri hverjir af öðrum. Skólarnir fyrir austan hafa náð góðum tengslum við frábæran kennara í Svíþjóð sem hefur



Stúlkur úr 7. RK spila á marimba hljóðfæri



komið reglulega. Nú er stefnan að efla tengsl okkar við aðra skóla til að fá meiri möguleika á að samnýta þessa erlendu kennara. Farið var með nemendahóp frá Giljaskóla til Húsavíkur 19. sept. og unnið með nemendum Borgarhólsskóla. Stefnt verður að fleiri slíkum heimsóknum.

Við munum sækja um styrki til að kosta ferðir til skóla í Þingeyjarsýslum og einnig til að greiða ferðir kennara frá Svíþjóð. Draumur nemenda okkar er síðan að fara í Marimbanámsferð til Afríku eða Svíþjóðar.

